



Skólanámskrá Háaleitisskóla 2023 – 2026

Almennur hluti



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Inngangur	3
2. Starfsemi skólans frá stofnun	3
3. Stefna skólans.....	5
3.1 Gildi.....	5
3.2 Uppeldis- og kennslufræðileg stefna.....	5
3.3 Markmið náms og kennsluhættir.....	6
4. Grunnþættir	7
5. Skólastarf í anda menntastefnu Reykjanesbæjar	10
5.1 Börnin mikilvægust	10
5.2. Kraftur fjölbreytileikans	11
5.4. STEFNUÁHERSLUR.....	12
6. Námsmat.....	15
6.1 Námsmat að vori	16
6.2 Matsviðmið í lok 10.bekkjjar	17
6.3 Lykilhæfni	18
7. Mat á skólastarfi - sjálfsmat	20
8. Umbóta-og þróunarstarf, áherslur og markmið 2023 - 2026	21
8.1 Fjölmening	21
8.2 PBS (Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun)	21
8.3 Spjaldtölvur í námi	22
8.4 Þátttaka í verkefningu <i>Skólar á grænni</i> grein og mótun umhverfisstefnu	22
8.5 UNICEF Réttindaskóli	23
8.6 Nýheimar – þróun námsúrræðis fyrir börn á flóttu í leit að alþjóðlegri vernd	23
8.7 Félagsmiðstöðin Brúin	24
9. Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun	24
9.1 Foreldrasamstarf.....	24
9.2 Upplýsingamiðlun	25
10. Samstarf við leikskóla	26
10.1 Áætlun um samstarfið milli Háaleitisskóla og skólahópa leikskóla á Ásbrú	27
11. Nær samfélagið	28
11.1 Samskipti við Keili, miðstöð vísinda og fræða	28
11.2 Samskipti við Reykjanesbæ	28

11.3 Samskipti við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar	29
11.4 Spegulunarskólar	29
11.5 Pílufélag Reykjanesbæjar	29
11.6 Skotdeild Keflavíkur	29
12. Móttökuáætlun Háaleitisskóla	30
13. Uppeldisstefna skólans	33
13.1 Skólareglur	33
13.2 Agaferill	35
13.3 Viðbrögð við agamálum	36
13.4 Skólasókn	37
14. Ýmsar áætlanir sem lúta að velferð, vellíðan og öryggi nemenda og starfsfólks í skólasamfélaginu	38
14.1 Forvarnarstarf skólaheilsugæslu	38
14.2 Viðbragðsáætlun gegn einelti	39
14.3 Áfengis- og fíknivarnir:	45
14.4 Öryggis- og slysavarnir	48
14.5 Jafnréttisáætlun	50
14.6 Viðbrögð við kynbundnu ofbeldi og öðru ofbeldi	54
14.7 Áfallaáætlun	57
14.8 Brunavarnir - Rýmingaráætlun:	58
14.8 Viðbragðsáætlun almannavarna	60
14.9 Viðbrögð vegna hættuástands	60

1. Inngangur

Skólanámskrá Háaleitisskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þeirra verklagsreglna sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum.

Skólanámskrá Háaleitisskóla skiptist í tvennt: Almennan hluta og starfsáætlun. Fyrri ritið er almenni hlutinn, en hann inniheldur hagnýtar upplýsingar um skólastarfið og er birtur á heimasíðu skólans www.haaleitisskoli.reykjanesbaer.is undir skólanámskrá. Skólanámskrá er endurskoðuð á þriggja ára fresti. Starfsáætlun skólans sem er hluti af skólanámskránni er lifandi skjal sem er í sífelldri þróun og er endurskoðuð á hverju ári. Hana má einnig finna á heimasíðu skólans undir skólanámskrá. Hluti af starfsáætlun skólans eru einnig bekkjarnámskrár, upplýsingar um valgreinar í 8. 9. og 10. bekk og valblað fyrir nemendur í 8. og 9. og 10 bekk. Í bekkjarnámskrá er gerð grein fyrir skipulagi náms, markmiðum, kennsluáðferðum, námsgögnum og leiðum til að ná markmiðunum ásamt tilhögun námsmats.

2. Starfsemi skólans frá stofnun

Háaleitisskóli á Ásbrú var stofnaður skólaárið 2008-2009 og var hann rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla þar til haustið 2013 að hann varð sjálfstæður skóli. Ásbrú er háskólasvæði og er stór hluti íbúa nemendur í framhaldskólum eða háskólum.

Sumarið 2008 voru gerðar breytingar á fyrrverandi skólahúsnæði grunnskóla Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og sett þar á stofn grunnskóladeild fyrir yngri nemendur sem eiga heima á Ásbrúarsvæðinu. Nemendum hefur fjölgað mikið frá stofnun skólans og eru ríflega 400 í 1. - 10. bekk. Vegna mikillar fjölgunar íbúa hér á Ásbrúarsvæðinu hefur skólinn stækkað við sig bæði varðandi nemendur og húsnæði eftir þörfum. Er svo komið að verulega er farið að þrengja að skólanum. U.þ.b. 60% af nemendum skólans eru nú tví- eða fjöltyngd og móðurmál nemenda eru ríflega 30. Á síðustu tveimur árum hefur fjölgað mjög börnum á flóttu sem eru í leit að alþjóðlegri vernd. Á þessu skólaári stefnir í að þeir nemendur í skólanum verði um 80. Til að mæta þörfum þessara nemenda var sett á laggirnar sérstakt móttökuver (Nýheimar) hér við skólann haustið 2021.

Merki Háaleitisskóla var hannað af Auðuni Ezra Kristinssyni Simpson árið 2009, þá nemandi í skólanum, undir leiðsögn sjónlistakennara skólans, Silviu V. Björgvinsdóttur. Tölvutæk útgáfa af merkinu var gjöf frá Kadeco -Þróunarfélagi Keflavíkur árið 2010. Merkið lýsir byggingu sem einkennir háskólasamfélagið á Ásbrú. Rústrauði liturinn er einkennislitur skólans og guli liturinn í sólinni táknar þá birtu sem yfir skólanum er.



3. Stefna skólans

Gildi, uppeldis- og kennslufræðileg stefna og kennsluhættir

3.1 Gildi

Grunnforsenda skólastarfs er réttur allra til náms og þroska. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs. Samskiptahættir skulu mótast af mannhelgi, réttlæti og félagsanda sem virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

Einkunnarorð Háaleitisskóla eru **menntun** og **mannrækt**.

Háaleitisskóli kappkostar við að uppfylla ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstoð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

3.2 Uppeldis- og kennslufræðileg stefna

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum líði vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmið okkar eru enn fremur að nemendur:

- Beri ábyrgð á eigin námi.
- Verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði.
- Geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni.
- Þjálfí félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- Fáí tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- Verði færir um að meta stöðu sína í námi.
- Verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt.
- Læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga.

- Læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra.
- Beri virðingu fyrir umhverfi sínu.



3.3 Markmið náms og kennsluhættir

Háaleitisskóli vinnur samkvæmt 2. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008) sem segir að hann skuli, í samvinnu við heimilin, stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum. Við val á kennsluháttum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni, eðlis viðfangsefnis og námsumhverfis. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu leiðirnar til að ná markmiðunum. Með einstaklingsmiðun er verið að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur án þess þó að kröfurnar minnki. Nemendur eru ekki allir að læra það sama á sama tíma heldur geta verið að fást við ólík viðfangsefni eða nálgast sama viðfangsefnið á ólíkan hátt. Hver er að vinna á eigin hraða, einstaklingslega, í paravinnu eða hópvinnu. Talsverð áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, að virkja áhuga þeirra og að þeir séu virkir þátttakendur.

Með því að:

- Leggja rækt við það góða í manneskjunni.
- Sýna umburðarlyndi.
- Bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Leggja áherslu á jákvæðan aga.
- Leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina.
- Skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur.
- Nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og foreldra/forráðamanna.
- Nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk.
- Vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri

umhverfismennt.

- Efla kennslu í lífsleikni alla skólagönguna.
- Þjálfa tjáningu og framsögn.

4. Grunnþættir

Áhersla er lögð á að styrkja þá sex grunnþætti menntunar sem settir eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla sem eru, læsi – sjálfbærni - heilbrigði og velferð - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti og sköpun.

Grunnþættir menntunar byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla, að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun hvers og eins. Þeim er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í skólastarfi. Þeir munu fléttast inn í allt skólastarfið, endurspeglast í starfsháttum, samskiptum og skólabrag. Í Háaleitisskóla höfum við að leiðarljósi að vinna eftir því sem segir í aðalnámskrá um að grunnþættir menntunar verði sýnilegir í skólastarfinu og komi fram í inntaki námsgreina og námssviða.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: Það er unnið með heilbrigði og velferð í skólanum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- jákvæður skólabragur, bekkjarfundir og reglukennsla PBS (Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun).
- næringarfræðsla
- áhersla á hreyfingu úti og inni (Háaleitisskóli er Heilsueflandi grunnskóli).
- stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum
- efla skilning á eigin tilfinningum og annarra
- efla sjálfstjórn og sjálfstraust
- unnið með sjálfsmyndina og jákvæð samskipti meðal jafnaldra og við þá sem eldri eru
- vinna að jákvæðum samskiptum við foreldra/forráðamenn, starfsfólk skóla og annað fólk í nærsamfélaginu
- efla vitund um kynheilbrigði



JAFNRÉTTI: Það er unnið með jafnrétti út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega
- allir fáí nám við hæfi
- kenna nemendum að setja sig í spor annarra
- búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi
- leggja áherslu á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins svo sem, jafnrétti fjölmenningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: Það er unnið með lýðræði og mannréttindi í skólanum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- læra að setja sig í spor annarra með verkfærum PBS
- hvetja nemendur til að tjá eigin skoðanir og að þeir fáí tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið
- vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi svo sem hópvinnu, bekkjarfundum, þátttökunámi og samfélagsverkefnum.
- stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að þeir þekki réttindi sín og skyldur
- hvetja nemendur til að bera umhyggju og virðingu fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu
- fræða um mannréttindi, stjórnsýslu, samfélagsmótun, borgaravitund og manngildi stuðla að hópavinnu
- auka siðferðisvitund
- efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og samábyrgð
- nemendur geti valið nám eftir áhugasviði

LÆSI: Það er unnið með læsi út frá *Læsisstefnu skólans* þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- efla tölvu- og tæknilæsi
- nemendur læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt
- auka notkun á bókasafni og upplýsingamennt
- kenna nemendum að vera læsir á umhverfið
- efla vitund nemenda á bóklestri sér til gagns og ánægju
- efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis við lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningarlæsi og fleira.



SJÁLFBÆRNI: Það er unnið með sjálfbærni út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- Háleitisskóli vinnur út frá sjö skrefum Grænánans
- stuðla að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs
- gera sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temja sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa
- skila umhverfinu í ekki lakari ástandi til komandi kynslóða en við tókum við því
- takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni
- stuðla að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt samfélaginu
- kenna neytendafræðslu og fjármálalæsi

SKÖPUN: Það er unnið með sköpun í skólanum út frá stefnu hans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- stuðla að frumkvæði einstaklingsins
- stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi
- móta viðfangsefni og miðla þeim, eftir eigin sýn
- nota fjölbreyttar kennsluáðferðir og að nemendur verði virkir þátttakendur í náminu
- nýta eigin ímyndunarafli í verkefnavinnu
- byggja á eigin reynslu og byggja ofan á hana
- nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi og beri virðingu fyrir verkum sínum og annarra

5. Skólastarf í anda menntastefnu Reykjanesbæjar

Menntastefna Reykjanesbæjar ber yfirskriftina *Með opnum hug og gleði í hjarta* og er henni ætlað að vera áttaviti sem vísar veginn og leiðbeinir um það hvernig nám, leikur, listir og íþróttir fléttast saman og stuðlar að því að börn og ungmenni öðlist góða alhliða menntun, þeim líði vel og séu virkir þátttakendur í fjölbreyttu samfélagi. Leiðarljós stefnunnar eru þrjú; *Börnin mikilvægust, Kraftur fjölbreytileikans og Faglegt menntasamfélag.*



5.1 Börnin mikilvægust



Menntun á að hjálpa börnum og ungmennum að rækta sjálfsmýnd sína, hæfileika og færni. Auk þess á hún að kenna þeim að þekkja réttindi sín og virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika, lifa í sátt og samlyndi og umgangast náttúruna af virðingu.

Háaleitisskóli er fyrsti og eini Réttindaskóli UNICEF í

Reykjanesbæ. Þannig er unnið með nemendum að því að þekkja réttindi sín og efla þátttöku þeirra í samfélaginu.

Mikið er lagt upp úr því í skólastarfinu að horfa á fjölbreyttan menningarbakgrunn sem fjársjóð og á hverju skólaári er unnið markvisst að ýmsum verkefnum sem vegsama menningu hvers og eins einstaklings í skólasamfélaginu m.a. með sérstökum *Fjölmenningardeg*.

Háaleitisskóli hefur undanfarin tvö skólaár unnið að því að verða skóli á *Grænni grein* með

markvissu umhverfisstarfi. M.a. er sérstakur umhverfisdagur haldinn í skólanum þar sem áhersla hefur verið á að fegra og græða upp umhverfið í hverfinu okkar og með eigin ræktun matjurta. Eins hefur markvissst verið unnið með flokkun og endurnýtingu, og að því að auka skilning nemenda á hringrásarhagkerfinu. Stefnt er að því að skólinn nái því markmiði að flagga Grænfánanum sem er alþjóða viðurkenning á því að skólinn vinni markvissst og að staðfestu að því að efla umhverfivitund nemenda og starfsfólks skólans.

5.2. Kraftur fjölbreytileikans

Virðing fyrir ólíkum skoðunum, menningu og fjölbreytileika endurspeglast í starfi með börnum og ungmennum og birtist í ólíku, skipulagi og starfsháttum allra sem sinna menntun og uppeldi. Í slíku umhverfi fá börn og ungmenni tækifæri til að tjá sig, koma skoðunum sínum á framfæri og sýna hug sinn í verki. Þannig verða börn og ungmenni virkir þátttakendur í mótun þess samfélags sem þau tilheyra. Háaleitisskóli er fjölmenningskóli þar sem markvissst er unnið að því að nemendur læri að virða og skilja mismunandi venjur og hefðir annarra menningarheima. Slíkt eykur víðsýni nemenda og þroskar viðhorf þeirra. Einnig er Háaleitisskóli Réttindaskóli Unicef þar sem sérstaklega er unnið með það að nemendur fá að tjá sig opinskátt um sínar hugmyndir og skoðanir. Þeirra rödd fær að hljóma og koma þau markvissst að borðinu þegar stefna skólans, siðir og venjur eru rædd og færð í orð.



5.3. Faglegt menntasamfélag



Í árangursríku menntasamfélagi eru allir mikilvægir. Þar ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugri endurnýjun og framþróun meðal allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja og efla börnin. Í Háaleitisskóla er lögð mikil áhersla á faglegt vinnuumhverfi og jafningjastuðning á meðal starfsmanna. Öflugt þróunarstarf er í skólanum og starfsmenn eru duglegir að afla sér þekkingar. Símenntunarstefna skólans tekur mið af áhersluþáttum í starfi hans.

5.4. STEFNUÁHERSLUR

Menntastefnan byggir á fimm megin áherslum sem eiga að ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi. Þeim er ætlað að stuðla að því að börnunum okkar líði vel og þau njóti gæða menntunar til að takast á við áskoranir í nútíð og framtíð.



MÉR LÍÐUR VEL

VELLÍÐAN - SJÁLFSTRAUST - HEILBRIGÐI - GLEÐI

Vellíðan er grundvöllur þess að börnum farnist vel, þau séu virk, tileinki sér nám og öðlist hæfni sjálfum sér og öðrum til heilla. Að þekkja tilfinningar sínar og innri hvata er mikilvægt hverjum einstaklingi og á þeirri vegferð þarf að vera svigrúm fyrir bæði mistök og sigra. Umhverfi sem einkennist af jákvæðri athygli, virkri hlustun og hvatningu skapar jarðveg fyrir börn og ungmenni að blómstra sem einstaklingar og hugrekki til að vera þau sjálf.

Í Háaleitisskóla er lögð áhersla á að hlusta á nemendur og hlú að vellíðan þeirra. Skólinn hefur m.a. skuldbundið sig hvað þetta varðar með þátttöku í ýmsum verkefnum á vegum Unicef á Íslandi þar sem skólinn er Réttindaskóli. Í tengslum við það vinnum við markvisst að innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og í þeirri vinnu er sjónum sérstaklega beint að virkri þátttöku barna í skólastarfinu. Þannig tryggjum við að réttindi sérhvers einstaklings séu virt sem skilar sér í betri líðan og auknu sjálfstrausti.

ALLIR MEÐ

FÉLAGSFÆRNI - SAMVINNA - VIRÐING - SAMKENND

Mannleg tengsl og samskipti við ólíka aðila fylgja okkur alla ævi. Ánægjuleg og árangursrík samskipti efla jákvæð tengsl og veita okkur gleði. Félagssfærni er mikilvæg undirstaða góðra samskipta, vináttu og skilnings á öðrum. Hún hjálpar börnum og ungmennum að tjá skoðanir sínar, setja sig í spor annarra og koma fram af virðingu. Góð félagssfærni eykur

aðlögunarhæfni og er forvörn gegn þáttum eins og einmanaleika og vanlíðan. Félagshæfni þroskast í samskiptum við aðra og eflist í aðstæðum sem einkennast af lýðræðislegri þátttöku, vinsemd og skilningi.

Í Háaleitisskóla er lögð áhersla á að auka félagshæfni og samskiptahæfni nemenda. Unnið er að því að tryggja að rödd nemenda heyrst og að nemendur þjálfist í að leysa ágreining. Unnið er markvisst að því að innleiða og festa í sessi bekkjarfundi þar sem nemendur fá tækifæri að ræða líðan sína og hópurinn sameinast um að finna lausnir svo öllum líði vel og finnist þeir vera hluti af hópunum.

OPNUM HUGANN

LÆSI - GAGNRÝNIN HUGSUN - VÍÐSÝNI - TJÁNING

Læsi er samheiti yfir marga færniþætti og endurspeglar hæfni til að skynja og skilja samfélagið og umhverfið á gagnrýninn hátt. Læsi er grundvöllur þess að afla sér þekkingar sem eykur víðsýni og þroskar gagnrýna hugsun, ýtir undir valdeflingu, virkni og lýðræðislega þátttöku. Fjölbreytt miðlun efnis þroskar sjálfsstætt gildismat barna og hæfnina til að setja ólík sjónarhorn í samhengi. Gagnrýnin hugsun reiðir sig ekki einungis á bein rök né alhæfingar heldur sameinar skoðanir, skilning og tilfinningar með heilbrigðum hætti.

Í Háaleitisskóla er unnið eftir ítarlegri *Læsisstefnu skólans*. Þar er lögð áhersla á grunnþætti lestrarfærni og skilnings á tungumálinu í víðum skilningi. Allir kennarar skólans kenna læsi hvaða grein sem þeir kenna. Í skólanum eru töluð yfir 30 tungumál og í því er fólgin mikill fjársjóður. Á þeim grunni er mikilvægt að leggja áherslu á fjölbreytt menningarläsi sem aftur eykur víðsýni nemenda.

SKÖPUNARGLEÐI

SKÖPUN - FRUMKVÆÐI - FORVITNI - NÝSKÖPUN

Sköpun er meðfæddur eiginleiki sem á rætur í eðlislægri forvitni og athafnaþrá. Til að sá eiginleiki fái notið sín þarf að búa börnum og ungmennum umhverfi sem ýtir undir það að þau nýti og njóti sköpunarhæfni sinnar. Sköpun á að vera órjúfanlegur þáttur í öllu starfi með börnum og ungmennum og birtast í fjölbreyttu samhengi, skipulagi og starfsháttum allra sem sinna menntun og uppeldi. Í skapandi og nærandi jarðvegi blómstrar nýsköpun, frumkvæði og frjó hugsun.

Mikil áhersla er lögð á að tjá sig og skapa frjálst í öllum námsgreinum í skólanum en þó sérstaklega í metnaðarfullri list- og verkgreinakennslu skólans. Sérstök áhersla hefur verið á nýsköpun og tækni hér í skólanum sem sjá má meðal annars því að skólinn er árlegur þátttakandi í hinni árlegu LEGÓ hönnunarkeppni (First Lego League). Skólinn hefur byggt upp sérstaka kennsluáðstöðu þar sem horft er til hönnunar og nýsköpunar með hjálp nýjustu tækni. Skólinn á m.a. sérstakan þrívíddarprentara og sérstakan búnað (t.d. vélmenni) til að nota í tengslum við forritunarkennslu í skólanum svo eitthvað sé nefnt.

VIÐ OG JÖRÐIN

SJÁLFBÆRNI - UMHVERFISVITUND - FRELSI - JÖFNUÐUR

Formleg og óformleg menntun til sjálfbærni með áherslu á mannréttindi, frelsi og jöfnuð eykur þekkingu og færni til að bregðast við áskorunum nútímans og framtíðarinnar á valdeflandi og skapandi hátt. Mikilvægt er að stuðla að aukinni meðvitund um þá staðreynd að við eigum aðeins eina jörð og með aðgerðum í nærumhverfinu höfum við áhrif á lífskjör og aðstæður fólks annars staðar á jörðinni.

Háaleitisskóli hefur unnið að því hörðum höndum síðastliðinn tvö ár að verða skóli á *Grænni grein*. Stefnt er að því að sækja um að vera viðurkenndur Grænfána skóli vorið 2023 til marks um það góða starf sem unnið hefur verið í skólanum í umhverfismennt með nemendum af hálfu starfsfólks skólans. Sú sjálfbærnivinna tengist líka með beinum hætti vinnu okkar sem *Réttindaskóli Unicef* þar sem sjónum er sérstaklega beint að jöfnum réttindum barna til lífs og náms hvar sem þau eru búsett í heiminum. Tengist einnig beint innleiðingu skólans á *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*.



6. Námsmat

Háaleitisskóli hefur frá árinu 2018 unnið ötullega að innleiðingu nýs námsmats samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Í 1. - 10. bekk hefur nýtt námsmat innleitt í öllum námsgreinum.

Í námsmatinu meta kennarar framvindu námsins og hæfni nemenda jafnóðum yfir skólaárið og gefa þeim nemendum sem hafa ekki náð

ákveðinni hæfni tækifæri til að bæta sig. Þegar kennarar leggja inn ákveðin verkefni eða kannanir liggja til grundvallar ákveðin hæfniviðmið. Þessi hæfniviðmið eru metin jafnóðum og verkefnum lýkur eða í lok námslotu ef um leiðsagnarmat er að ræða.

Megintilgangur námsmats er að örva nemendur, aðstoða þá við námið og hvetja þá til sjálfsmats. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsgengi nemenda og hjálpa þeim við að setja sér áframhaldandi markmið í náminu. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólustarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Fjölbreyttar námsmatsleiðir verða viðhafðar eins og leiðsagnarmat, sýnismöppur, mat á frammistöðu nemenda, sjálfsmat, vettvangsathuganir, sýningar, sjálfstæð verkefni og próf. Með fjölbreyttu alhliða mati er verið að láta nemendur yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að bera ábyrgð á eigin námi. Til þess að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir að vera meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og vanda verður vel framkvæmd þess.

Á heimasíðu Háaleitisskóla er að finna bekkjarnámskrár hvers námshóps. Þar koma fram hæfniviðmið sem þjálfuð eru í námsgrein, kennsluáferð og námsmat auk upplýsingar um námsgögn, tímafjöld og nafn kennara. Á Mentor eru námskrár fyrir öll fög sem unnar eru upp úr bekkjarnámskrám og kennarar meta jafnt og þétt yfir skólaárið.

Nemendur og foreldrar hafa alltaf aðgang að námsmatinu og er því mikilvægt að fylgjast vel með því á Mentor. Námsmatið er lifandi og breytist reglulega yfir skólaárið, markmiðið er að



Það sé leiðbeinandi, og gefi nemendum og foreldrum tækifæri til að sjá hvaða þætti er verið að vinna með hverju sinni og styrki nemendur í að ná þeim hæfniviðmiðum.

Fimm tákn eru notuð við umsagnirnar á hæfniviðmiðum og verkefnum yfir skólaárið. Það er framúrskarandi; hæfni náð; á góðri leið; þarfnast þjálfunar; og hæfni ekki náð.



Nemendur í sértæku námsmati vinnur eftir einstaklingsáætlun og þar að leiðandi með önnur hæfniviðmið en aðrir nemendur í árgangi (fer eftir innihaldi einstaklingsnámskrár nemandans). Foreldrar skulu ávallt vera upplýstir um að barnið þeirra er í sértæku námsmati og skrifa undir einstaklingsáætlun barnsins áður en námsmat er birt.

6.1 Námsmat að vori

Lokamat er tekið saman við lok skólaárs og munu nemendur í 1.-7. bekk fá að vori eftirfarandi námsmat; lesferil, lesskilningur, umsögn frá umsjónakennara og vísun í hæfnikort í öllum námsgreinum.

Í 8.-10. bekk fá nemendur áfram námsmat í öllum greinum þar sem lokaekunn er gefin í bókstöfum að vori að undanskildum valfögum þar er gefið lokið/ólókið í hverju fagi.

Skólaárið er ein önn og fá nemendur vitnisburð í júní. Á foreldradögum í október og janúar er farið yfir markmiðssetningu nemenda og alhliða námsmat þar sem foreldrar/forráðamenn og umsjónarkennari ræða námslega - og félagslega stöðu nemandans. Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og skólastjórnenda. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim.

Bókstafirnir þýða eftirfarandi:

A Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni á því sviði sem viðmið námssviðsins lýsa.

B+ Nemandinn hefur náð öllum hæfniviðmiðum B og að hluta til þeim viðmiðum sem á við einkunnina A.

B Nemandi sýnir góða hæfni á því sviði sem viðmið námssviðsins lýsa.

C+ Nemandinn hefur náð öllum hæfniviðmiðum C og að hluta til þeim viðmiðum sem á við einkunnina B.

C Nemandi sýnir að hann hefur að einhverju leyti, en ekki öllu, náð þeirri hæfni sem viðmið námssviðsins lýsa.

D Nemandi hefur ekki náð þeirri hæfni sem matsviðmið námssviðsins lýsa.

6.2 Matsviðmið í lok 10.bekkkjar

Í lok 10.bekkkjar útskrifast nemendur einnig með matsviðmið en Aðalnámskrá grunnskóla eru sett fram matsviðmið fyrir 10.bekk fyrir námsgreinar og námsvið. Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu.

Matsviðmið lýsa hæfni á kvarða og er notast við kvarðann:

A B+ B C+ C D

Matsviðmið í B eru byggð á hæfniviðmiðum í aðalnámskrá og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Bætt hefur verið við kvarðann B+ og C+ sem getur nýst þegar nemendur hafa náð að hluta þeim viðmiðum sem lýst er í aðalnámskránni. Ekki verða útbúin matsviðmið fyrir þessa viðbót heldur gildir það að sá sem hefur náð meginþorra B matsviðmiða og náð einstökum þáttum í A getur fengið B+ og sá sem hefur náð meginþorra C matsviðmiða og einstökum þáttum í B getur fengið C +. A þýðir þannig ekki að nemandinn hafi getað t.d. 80% af verkefninu eða prófinu heldur að hann hafi getað leyst þau verkefni eða prófluta sem kölluðu á flóknari hæfni en hin. Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

6.3 Lykilhæfni

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfsstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi.

Lykilhæfni skiptist í fimm grunnþætti sem lagðir eru til í aðalnámskrá grunnskóla. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda.

Lykilhæfniþættirnir fimm eru:

1. Tjáning og miðlun. Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

2. Skapandi og gagnrýnin hugsun. Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

3. Sjálfstæði og samvinna. Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

4. Nýting miðla og upplýsinga. Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

5. Ábyrgð og mat á eigin námi. Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni eru:

A = Framúrskarandi hæfni.

B = Góð hæfni.

C = Sæmileg hæfni.

D = Hæfni ábótavant.

Lykilhæfniþættirnir eru skilgreindir á hverju skólastigi fyrir sig.

Yngsta stig 1.- 4. bekkur

- 1. Tjáning og miðlun.** Tekur þátt í samræðum. Hlustar á aðra. Tjáir sig í umræðum.
- 2. Skapandi og gagnrýnin hugsun.** Sýnir frumkvæði. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.
- 3. Sjálfstæði og samvinna.** Vinnur vel með öðrum. Er virkur í hópastarfi og leggur sitt af mörkum. Fer eftir viðeigandi fyrirmælum. Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum. Tekur jákvæðan þátt í leik og starfi.
- 4. Nýting miðla og upplýsinga.** Aflar sér upplýsinga á fjölbreytta vegu. Miðlar upplýsingum til annarra.
- 5. Ábyrgð og mat á eigin námi.** Nýtir tíma sinn vel til vinnu. Fer eftir fyrirmælum.

Miðstig 5. – 7. bekkur

- 1. Tjáning og miðlun.** Tekur þátt í samræðum. Hlustar á aðra. Tjáir skoðanir sínar munnlega, skriflega eða á annan hátt.
- 2. Skapandi og gagnrýnin hugsun.** Sýnir frumkvæði. Beitar gagnrýnni hugsun. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna. Getur greint á milli staðreynda og skoðana.
- 3. Sjálfstæði og samvinna.** Leitar sjálfstæðra lausna í vinnu sinni. Sýnir kurteisi í samskiptum. Leggur sitt af mörkum í hópastarfi. Fer eftir fyrirmælum. Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum. Gerir sér grein fyrir því til hvers er ætlast af honum.
- 4. Nýting miðla og upplýsinga.** Miðlar upplýsingum til annarra. Nýtir mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinnur vel og á gagnrýninn hátt úr upplýsingum. Getur sýnt ábyrgð í dreifingu og meðferð upplýsinga.
- 5. Ábyrgð og mat á eigin námi.** Setur sér markmið í námi. Nýtir tíma sinn vel til vinnu. Metur stöðu sína raunhæft í námi.

Elsta stig 8. – 10. bekkur

- 1. Tjáning og miðlun.** Tjáir og miðlar skoðunum sínum skilmerkilega. Færir rök fyrir máli sínu. Er virkur þátttakandi í umræðum.

2. Skapandi og gagnrýnin hugsun. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna. Beitir gagnrýnni hugsun við vinnu og lausn verkefna. Getur dregið eigin ályktanir.

3. Sjálfstæði og samvinna. Leitar sjálfstæðra lausna í vinnu sinni. Sýnir kurteisi og jákvæðni í samskiptum. Leggur sitt af mörkum í hópstarfi.

4. Nýting miðla og upplýsinga. Nýtir mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinnur vel og á gagnrýnninn hátt úr upplýsingum og miðlar þeim. Sýnir ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda.

5. Ábyrgð og mat á eigin námi. Nýtir tíma sinn vel til vinnu. Metur stöðu sína raunhæft í námi.

Nemandi fær eina einkunn fyrir hvern lykilhæfnipátt og vinna allir kennarar skólans saman að því að meta lykilhæfni hvers nemanda. Stefnt er að því að meta lykilhæfni að vori í öllum árgöngum. Matið er framkvæmt í Mentor og verður birt foreldrum á fjölskylduvef.

7. Mat á skólastarfi - sjálfsmat

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda og tilgangur þess er að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Skólar bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en ráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög annast ytra mat á skólum. Áætlun innra mats – sjálfsmatsáætlun Háaleitisskóla byggist á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- ❖ veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- ❖ tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- ❖ auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,

- ❖ tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008.

Sjálfsmatsáætlun Háaleitisskóla er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Stjórnendur fylgja sjálfsmatsáætlun eftir, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og að þær séu birtar á heimasíðu skólans.

Nánari útfærsla á mati á skólastarfi má finna í starfsáætlun skólans.

8. Umbóta-og þróunarstarf, áherslur og markmið 2023 - 2026

Megin áhersla er lögð á námsmat á þessu skólaárum og verður unnið við að uppfylla skilyrði aðalnámskrár grunnskóla með megináherslu á námsmat, lykilhæfni og hæfniviðmið. Námsmatsteymi heldur utan um vinnu við innleiðingu innan skólans ásamt stjórnendum.

8.1 Fjölmening

Eitt af mikilvægustu verkefnum skólans er að byggja upp sjálfbæra fjölmenningu innan skólans þar sem ólík menning og siðir fá að njóta sín og vera hlutur af daglegu skólastarfi. Ráðinn var verkefnastjóri frá áramótum 2018-2019 sem sá um að leiða ÍSAT (íslenska sem annað tungumál) teymi og einnig er búið að mynda fjölmeningarteymi í skólanum. Verkefnastjóri ÍSAT ásamt fjölmeningarteymi og öðru starfsfólki skólans heldur utan um þróunarvinnu sem snýr að því að byggja upp fjölmenningu. Einnig er óskað eftir þátttöku foreldra og nemenda sem eru með íslensku sem annað tungumál til að þróa þessa vinnu með okkur.

8.2 PBS (Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun)

Þróunarverkefnið *Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun* er unnið af PBS teymi skólans ásamt skólastjórnendum. Verkefnið var styrkt af Skólaþróunarsjóði Reykjanesbæjar. Verkefnið hófst skólaárið 2011 - 2012 og var fjögur ár í innleiðingu, og festi sig í sessi. En eðli þess regluverks og hugmyndafræðinnar sem stendur því að baki er með þeim hætti að verkefni sem þetta þarf sífellt að vera í virkri vinnslu. Skólaárið 2022 – 2023 var farið í endurskoðun og uppfærslu verkefnisins með þátttöku fulltrúa nemenda í Réttindaráði skólans. Verkefnið byggist á heildstæðu vinnulagi sem hefur þann tilgang að hvetja til jákvæðrar hegðunar með

kerfisbundnum hætti. Þessu heildstæða stuðningskerfi er ætlað að sýna fram á einfaldar en áhrifaríkar aðferðir til að bæta hegðun og líðan nemenda. Verkefnið byggist á því að skólasamfélagið setji fram skýrar reglur um æskilega hegðun á viðeigandi svæðum og nemendum eru kenndar væntingar til hvers svæðis fyrir sig. Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun byggist á uppbyggilegri samvinnu og jákvæðum samskiptum allra starfsmanna skólans við nemendur.

8.3 Spjaldtölvur í námi

Nemendur í 8. 9. og 10. bekk hafa fengið fá spjaldtölvur til að nýta sér við nám sitt í skólanum. Nemendur í 1. – 7. bekk hafa haft aðgang að bekkjarsettum en tvö slík sett eru nú til í skólanum. Skólárið 2020 – 2021 var sett af stað þróunarverkefni þar sem markviss var farið í notkunarmöguleika þessara snjalltækja í kennslu. Voru fengnir utanaðkomandi fagaðilar sem unnu með kennurum í upphafi innleiðingar þessa verkefnis. Allir kennarar fá spjaldtölvur til að nýta í sinni kennslu og í þróun hefur verið að nýta þessi tæki með markvissum hætti við kennslu nemenda sem eru nýkomnir til landsins hvort heldur sem er, sem flóttamenn eða innflytjendur sem þurfa m.a. að fóta sig í nýju málsamfélagi. Hefur reynst mikilvægt tæki þegar börnin eru að taka sín fyrstu skref í skólasamfélaginu og hjálpað þeim við að eiga innihaldsrík samskipti við samnemendur sína og kennara. Teymi upplýsingatækni og nýsköpunar ásamt tölvuumsjónarmanni skólans halda utan þetta verkefni og þróa stefnu skólans í upplýsingatæknimálum. Stefnt er að því að nemendur í 5. – 8. bekk hafi sínar spjaldtölvur til að nýta í náminu en til verði að minnsta kosti tvö bekkjarsett fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk er verið að horfa til þess að fara í verkefni sem lýtur að því að þeir nemendur fái Cromebook tölvur eða aðrar sambærilegar til að nýta við nám sitt og öðlist þannig færni til að nýta sér fartölvur í námi. Þeir verði þannig betur undir það búnir að nýta slík tæki í framhaldsnámi sínu.

8.4 Þátttaka í verkefninu *Skólar á grænni grein* og mótun umhverfisstefnu

Með þátttöku skólans í Grænfánaverkefni Landverndar hefur m.a. verið unnin sérstök umhverfisstefna í skólanum. Sérstakt teymi og sérstök umhverfisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsfólks og nemenda heldur utan um þá vinnu sem skólinn þarf að inna af hendi (*Skrefin sjö*) til að ávinna sér réttinn til að flagga Grænfáanum. Umhverfisnefndin hefur unnið markvisst

að því að efla umhverfisvitund starfsfólks og nemenda skólans með það að markmiði að móta sjálfbæra umhverfisstefnu til framtíðar.

8.5 UNICEF Réttindaskóli

Réttindaskólinn er hugmyndafræði fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af *Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna* og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja *Barnasáttmálann* til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur *Barnasáttmálans* útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna. Háaleitisskóli fékk viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF vorið 2021, fyrstur skóla í Reykjanesbæ. Haustið 2023 hefst svo vinna við að gera frístundaheimilið Krakkaheima að *Réttindafrístund*. Eins verður þá farið í að gera félagsmiðstöðina Brúnna að *Réttindafélagsmiðstöð*.

8.6 Nýheimar – þróun námsúrræðis fyrir börn á flóttu í leit að alþjóðlegri vernd

Nýheimar er skjól og sérstak námsúrræði sem tekur á móti og umvefur börn á flóttu í leit að alþjóðlegri vernd. Þar fer fram aðlögun þessara barna að íslensku samfélagi og skólakerfi. Unnið er samkvæmt sérstakri námskrá sem unnin hefur verið og þróuð af starfsfólki námsversins frá því að það var sett á laggirnar haustið 2021. Um mikla þróunarvinnu er að ræða þar sem huga þarf m.a. að sálfélagslegum þáttum því oftast en ekki hafa börnin mikla áfallasögu á bakinu og rofna skólagöngu. Mjög krefjandi aðstæður hafa mætt skólanum og starfsfólki versins frá stofnun þess og fram til dagsins í dag (vorönn 2023) þar sem gríðarlegur fjöldi flóttabarna hefur komið til landsins á undanförunum misserum.

8.7 Félagsmiðstöðin Brúin

Á vorönn 2021 var sett á laggirnar félagsmiðstöðin Brúin í Háaleitisskóla. Um þróunarverkefni er að ræða sem sett var upp vegna aðstæðna og líðannar barna í hverfinu (byggt á rannsóknarniðurstöðum haustið 2020) og litla aðsókn þeirra í félagsmiðstöðina Fjörheima. Þá kom það í ljós í fyrrnefndri rannsókn að þátttaka þeirra í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi var mjög lítil og umtalsvert minni en barna á sama aldri í öðrum hverfum bæjarins. Úr þessu vildum við bæta og færa skipulagt tómstundastarf nær þeim. Skólinn starfrækir því félagsmiðstöðina og manna hana en sækir faglega starfsþróun starfsmanna til fagfólks þess sem stýrir og vinnur í Fjörheimum. Opið er á þriðjudögum og fimmtudagskvöldum fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. En boðið hefur verið upp á síðdegisstarf fyrir nemendur í 5. – 7. bekk í nokkur skipti á hverri önn. Frá upphafi hefur aðsókn verið góð og börnin áhugasöm. Mæting þeirra í Fjörheima breytist líka til batnaðar. Framundan er áframhaldandi þróunarstarf og kannski er hér kominn vísir að því að félagsmiðstöðvar verði settar upp í öllum skólum bæjarins og væri það vel.



9. Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun

9.1 Foreldrasamstarf

Háaleitisskóli leggur áherslu á að góð samvinna sé á milli heimila og skóla. Við leggjum ríka áherslu á sameiginlegt hlutverk okkar við menntun og mannrækt nemenda. Í skólum þar sem er gott samstarf við foreldra/forráðamenn má búast við að nemendur nái mun betri námsárangri en þar sem samstarfið er ekki gott. Gott foreldrasamstarf hefur áhrif á líðan nemenda í skólanum og áhuga þeirra. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Unnið er í nánú samstarfi við foreldrafélag og skólaráð skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans. Stöðugt er verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn séu sáttir við starf skólans og styðji það. Einnig er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn temji sér að tala jákvætt um skólann þar sem börn tileinka sér gjarnan viðhorf foreldra/forráðamanna sinna og eru þeir mikilvægar fyrirmyndir.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að hafa samband við þá sem í skólanum starfa ef þá skortir upplýsingar eða vilja koma á framfæri ábendingum um skólafarfið.

9.2 Upplýsingamiðlun

Kennarar hafa fastan viðtalstíma á stundaskrá og er hann auglýstur á Mentor, á stundaskrá nemenda og heimasíðu skólans. Foreldrar/forráðamenn geta hringt eða komið í skólann á þessum tíma. Einnig nota kennarar tímann til að hafa samband við heimilin ef þurfa þykir. Allir starfsmenn Háaleitisskóla eru með netfang og er tölvupóstur ákjósanlegur í almennum samskiptum við einstaka kennara og/eða starfsfólk skólans. Ef um viðkvæm mál er að ræða er æskilegra að tala við kennara. Við notum fjölskylduvef Mentor til að auka upplýsingaflæði við heimilin og auka þannig möguleika foreldra/forráðamanna á að fylgjast með skólafarfinu. Heimavinna, ástundun, einkunnir og námsáætlanir eru skráðar á Mentor. Kennarar setja inn á Mentor tilkynningar um uppákomur og fréttir úr skólalífinu. Á Mentor birtast einnig stundaskrár bekkja, skóladagatal og nafnalistar bekkja. Heimasíða fjölskylduvefsins er: www.mentor.is en einnig er hægt að smella á tengil á heimasíðu skólans til að tengjast fjölskylduvef. Stjórn Foreldrafélags Háaleitisskóla getur einnig nýtt þennan vettvang til að koma upplýsingum á framfæri. Á upplýsingasíðu Háaleitisskóla á fésbókinn birtast reglulega fréttir og tilkynningar er varða skólafarfið og á heimasíðu skólans er að finna hagnýtar upplýsingar um skólann.



10. Samstarf við leikskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla er talið mikilvægt að kennarar barna sem eru að byrja í grunnskóla kynnist starfi leikskólakennara til að stuðla að samfellu í námi barna í leikskóla og á fyrstu árum grunnskóla. „Starfsmönnum grunnskóla ber að kynna sér innra starf leikskóla og hefja samstarf með tilliti til aðstæðna á hverjum stað“.

Í upplýsingabæklingnum **Brúum bilið**, útg. af Menntamálaráðuneytinu árið 1997 segir að upplýsingamiðlun milli skólastiganna sé nauðsynleg og mjög mikilvægt sé að grunnskólakennarar kynni sér starfsemi leikskólans og námið sem þar fari fram til að geta byggt á þeim grunni sem fyrir er.

Mikilvægt er að leikskólabörn kynnist grunnskólanum sem stofnun, fái tækifæri til skoða skólahúsnæði, t.d. skólastofu, skólasafn, tölvuver, smíðastofu, íþróttahús og skilja hugtök sem tilheyra skólanum. Þau þurfi að finna öryggi innan stofnunarinnar óháð því hvort þau eigi eftir að verða þar nemendur.

Grunnskólabörn sakna oft þeirra tengsla sem mynduð voru í leikskóla og þeim finnst spennandi að heimsækja fornar slóðir og hitta börn og starfsfólk. Markvissir fundir og heimsóknir byggja upp traust og vináttu á milli skólastiga, börnunum og kennurum til góðs. Hver grunnskóli í Reykjanesbæ á sinn heimaleikskóla og vinna skólarnir markvisst saman og eru leikskólarnir Völlur og Skógarás heimaleikskólar Háaleitisskóla. Ákveðnir tengiliðir frá hverjum skóla undirbúa samstarfsfundina og heimsóknir milli skólastigana.

Markmið samstarfsins felst í:

- ❖ Að skapa samfellu í leik, námi og starfi barna frá leikskóla til grunnskóla.
- ❖ Að auðvelda börnum flutning á milli skólastiga með markvissum undirbúningi, kynningu á húsnæði Háaleitisskóla, starfi og kennurum.
- ❖ Að kennarar Háaleitisskóla kynnist elstu nemendum leikskólanna Vallar og Skógaráss, getu þeirra og hæfni.
- ❖ Að samfella skapist í námi barna.

10.1 Áætlun um samstarfið milli Háaleitisskóla og skólahópa leikskóla á Ásbrú

- Boðað er til haustfundar þar sem skólastjórnandi grunnskólans ásamt umsjónarkennurum 1. bekkja og kennurum beggja leikskólana hittast til að skipuleggja samstarfið fyrir skólaárið. Skólahópar leikskólans heimsækja sinn heimaskóla nokkrum sinnum yfir skólaárið. Í upphafi skólaársins koma þeir til að skoða skólalóðina og prófa leiktækin



þar. Nemendur 1. bekkja heimsækja einnig leikskólann og endurnýja þannig kynni sín af kennurunum og krökkunum í leikskólunum bæði að hausti og einnig hefur skólahópurinn boðið grunnskólanemendum í heimsókn fyrir jólin í jólastund á leikskólanum.

- Skólastjórnendur og sérkennari auk væntanlegra umsjónarkennara 1. bekkja á næsta skólaári funda með kennurum leikskólana að vori þar sem leikskólakennarar afhenda gátlista sem sýna ákveðna þætti metna í námi og getu væntanlegra nemenda grunnskólans sem unnir eru af kennurum skólahópana. Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar boðar til þessara funda. Þá funda aðstoðarskólastjóri og sérkennari skólans með sérkennslufulltrúa leikskólanna á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar þar sem farið er sameiginlega yfir mál einstakra nemenda sem eru með sérþarfir.
- Auk þess hittast deildastjórar, kennarar og stjórnendur beggja skólastiga á fundum sem boðað er til og eru á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar á skólaárinu. Þar kynna þessir sömu aðilar m.a. starf sitt, hlusta á fyrirlestra og hljóta endurmenntun öllum til hagsmunar og aukinnar fagmennsku.
- September: Samráðsfundur fulltrúa skólanna. Elstu börn á leikskólunum Velli og Skógarási fara í göngutúr til Háaleitisskóla og skoða húsnæðið að utan og prufa leikvöllinn þau koma einnig í heimsókn í Háaleitisskóla.
- Október: Elstu börn frá leikskólunum Velli og Skógarási koma í kennslustund hjá 1. bekk í Háaleitisskóla, borða með þeim nesti og fara í frímínútur.
- Nóvember: Elstu börn á leikskólunum Velli og Skógarási koma í heimsókn í Háaleitisskóla á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og taka þátt í gleðistund á sal með atriði.

- Desember: Jólastund á leikskólunum Velli og Skógarási. Nemendur 1.bekkja fara með jólakort til elstu leikskólanemendanna. Piparkökur og huggulegheit. Nemendur í 7 .bekk fara í heimsókn og lesa jólasögu fyrir leikskólanemendur.
- Janúar: Elstu börn á leikskólunum Velli og Skógarási koma í kennslustund hjá 1. bekk í Háaleitisskóla.
- Febrúar: Elstu börn á leikskólunum Velli og Skógarási koma í danskennslustund hjá 1. bekk í Háaleitisskóla.
- Mars: Elstu börn á leikskólunum Velli og Skógarási koma í kennslustund hjá 1. bekk. Háaleitisskóla.
- Maí: Elstu börn á leikskólunum Velli og Skógarás koma í heimsókn í Háaleitisskóla í heimsókn í 1.bekkinu og taka þátt í íþróttum og borða hádegismat með 1. bekk í skólanum. Í lok maí hitta börnin úr Háaleitisskóla elstu börnin af Heilsuleikskólanum Skógarási og Velli í hverfinu, borða saman nesti og leika saman. Í lok maí verður matsfundur með stjórnendum skólanna um starf vetrarins.

**Keilir**Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

11. Nærsamfélagið

11.1 Samskipti við Keili, miðstöð vísinda og fræða

Háaleitisskóli hefur átt samskipti við Keili, miðstöð vísinda og fræða sem er staðsett á Ásbrú. Nemendur skólans hafa farið í heimsókn til skólans og farið í vettvangsferð um stofnunina og tekið þátt í vísindagöldrum og tæknibrellum. Þessar heimsóknir hafa reynst nemendum mjög áhugaverðar og kveikt áhuga þeirra á viðfangsefninu.

11.2 Samskipti við Reykjanesbæ

Á hverju ári tekur skólinn þátt í Listahátíð barna sem er samvinnuverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskóla bæjarins, allra 6 grunnskólanna, Tónlistarskólans, dansskólanna og listnámsbrautar Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Einnig tekur Háaleitisskóli þátt í Hæfileikahátíð grunnskólanna, List fyrir alla og Stóru- og litlu upplestrarkeppninni svo eitthvað sé nefnt.

11.3 Samskipti við Tónlistarskóla Reykjaneshæjar

Mjög góð samskipti eru á milli Háaleitisskóla og Tónlistarskóla Reykjaneshæjar. Tónlistarskólinn hefur eina sérútbúna kennslustofu í Háaleitisskóla fyrir þá nemendur skólans sem stunda nám í skólanum. Nemendur í 1. og 2. bekk grunnskólans stunda allir nám í forskóla tónlistarskólans. Nemendur í 3. - 10. bekk eiga þess kost að sækja tíma í hljóðfæranámi á vegum Tónlistarskólans í skólanum á skólatíma.

11.4 Speglnarskólar

Starfsmenn Háaleitisskóla spegla sig við þá skóla sem hafa náð góðum árangri á mismunandi sviðum skólastarfs og læra af þeim. Kennarar og starfsmenn hafa farið í heimsóknir í aðra skóla héraðs og erlendis til að kynna sér nýjungar í kennslu og skólastarfi. Verið er að vinna að undirbúningi á nánú samstarfi við Fellaskóla í Reykjavík. Skólarnir eiga margt sameiginlegt og þá ekki síst það að vera fjölmenningsarsamfélög. Þessir tveir skólans skera sig þannig talsvert frá öðrum skólum þegar kemur að hlutfalli tví- og fjöltyngdra barna í skólasamfélaginu. Um 85% nemenda í Fellaskóla eru tví- eða fjöltyngdir og um 60% nemenda Háaleitisskóla. Verið er að horfa til að fara saman í vinnu á nokkrum þróunarverkefnum sem eflt geta þessa skóla sem framúrskarandi skóla sem leggja ríka rækt við kennslu og þroska nemenda í fjölmenningsarskólum.

11.5 Pílufélag Reykjaneshæjar

Ein af valgreinunum hjá 8. - 10. bekk í vetur er að stunda æfingar hjá Pílufélagi Reykjaneshæjar sem hefur aðstöðu á Ásbrú. Umsjón með valgreininni er í höndum aðstoðarskólastjóra sem hefur samskipti við leiðbeinendur hjá pílufélaginu um mætingu nemenda og annað.

11.6 Skotdeild Keflavíkur

Ein af valgreinunum hjá 8. - 10. bekk í vetur er að stunda æfingar hjá Skotdeild Keflavíkur sem hefur aðstöðu í Vatnaveröld. Umsjón með valgreininni er í höndum aðstoðarskólastjóra sem hefur samskipti við leiðbeinendur hjá skotdeildinni um mætingu nemenda og annað.

12. Móttökuáætlun Háaleitisskóla

Móttökuáætlunin er tvískipt

A: Nýnemi með íslensku sem móðurmál

B: Nýnemi með annað móðurmál en íslensku

(Hagnýtt efni varðandi móttöku og undirbúning er að finna á [Fjölmenningarvef barna](#)).



Skrifstofustjóri Háaleitisskóla tekur alltaf við formlægri innritun nýnema en svo tekur móttökuteymi skólans við og sér um undirbúning fyrir móttökuvíðtalið og auk þess tekur teymið móttökuvíðtalið.

Móttökuteymi Háaleitisskóla er skipað: Stjórnanda, náms- og starfsráðgjafa, verkefnastjóri íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) og umsjónarkennara, sem er líka tengiliður við fjölskylduna. Þegar um er að ræða nýnema sem er flóttabarn stýrir verkefnisstjóri Nýheima móttökunni ásamt kennurum sínum í deildinni.

Almennt og viðkemur bæði nemanda A og B:

Nemandi byrjar ekki í skólanum fyrr en móttökuvíðtalið hefur farið fram. Móttökuvíðtalið fer fram innan við 48 klst. eftir að nemandi hefur verið skráður í skólann.

Markmið móttökuvíðtalsins er tvíþætt annars vegar að afla upplýsinga um nemandann s.s. bakgrunn, móðurmál, námslega stöðu, áhugamál, væntingar o.þ.h. þannig að hægt sé að byggja námið á reynslu og stöðu nemandans. Hins vegar að veita upplýsingar um skólann s.s. upplýsingar um hvað nemandinn á að hafa með sér í skólann, nesti, hádegismat, frístundaskólann, foreldrafélagið, væntingar skólans til nemenda og foreldra o.s.frv. Það er jafnframt mikilvægt að fara almennt yfir það hvað er í boði fyrir börn og ungmenni í bæjarfélaginu þ.e. íþrótt- og tómsundastarf. Einnig þarf að kynna foreldrum Mentor og tryggja að foreldrar og nemendur fái aðgang að Mentor. Einnig þarf að kynna foreldrum fyrir Mitt Reykjanes.

Í móttökuvíðtalinu er nemanda og foreldri/forráðamanni afhent skólahandbókin sem er upplýsingabæklingur um starf skólans og þá þjónustu sem hann býður upp á en mikilvægt er að nemendur og foreldrar/forráðamenn fái í hendurnar allar þær upplýsingar á fyrsta fundi.

Við lok móttökuvíðtals skal sýna foreldrum og nemendum skólann, frístundaskólann og annað sem þarf og ákveða hvenær barnið byrjar í skólanum.

Sjálfsgagt er að hvetja móður eða föður til að vera með barni sínu í skólanum fyrstu dagana eins og þau hafa tækifæri til og best þykir henta. Þannig geta foreldrar stutt barnið sitt um leið og þeir kynnast því samfélagi sem á eftir að hafa svo mikil áhrif á barnið þeirra. Þá er gott að setja niður áætlun um það hvenær umsjónarkennarinn og foreldrar hittast næst og hvernig samskiptum muni best háttað.

Nýnemi með annað móðurmál en íslensku

Móttökuáætlun vegna nemenda með íslensku sem annað mál skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólann.

Túlkur er pantaður fyrir móttökuvíðtalið ef foreldrar nemanda tala og skilja ekki íslensku, þar sem að samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að það er réttur foreldra sem ekki tala og skilja íslensku að fá túlkabjónustu.

Í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir m.a.

„Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólstarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkabjónustu. Túlkabjónusta skal vera til staðar svo lengi sem foreldrar hafa þörf fyrir hana.“

Hér má finna mat á færni nemenda í stærðfræði og lestri á nokkrum tungumálum:

<http://tungumalatorg.is/sk/matst%C3%A6ki-mo%C3%B0urmals/>

Hafa ætti í huga að skólinn er stundum fyrsti og eini tengiliður fjölskyldunnar við íslenskt samfélag. Vönduð móttaka í skólanum getur því skipt sköpum um nánustu framtíð fjölskyldunnar.

Verkaskipting móttökuteymis, skipuleggja þarf móttökuvíðtalið og ákveða hverjir eigi að taka þátt í því.

Stjórnandi er ábyrgðaraðili skólans.

Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og stendur vörð um velferð þeirra. Hann liðsinnir nemendum í málum er snerta skólavist þeirra og veitir þeim ráðgjöf um hvernig þeir

geti fengið úrlausn sinna mála. Hann sér um að skipuleggja móttökuviðtalið og að boða alla aðila teymisins í viðtalið og veitir þeim þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir um nýnemann.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á því að aðrir kennarar og starfsmenn sem vinna í skólanum með nýja nemandanum fái að vita um komu hans og einnig ber hann ábyrgð á því að koma upplýsingum um hann til allra sem koma að honum þ.m.t. ípróttá- og sundkennara og frístundakennara. Auk þess er umsjónarkennarinn líka **fjölskyldu-tengiliður** þar sem að hann er þegar í miklum samskiptum við fjölskyldu nemandans.

Verkefnastjóri íslensku sem annað tungumál og/eða verkefnisstjóri Nýheima er sá aðili sem vinnur að aðlögun nemandans í samráði við umsjónarkennara og kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál. Hann sér einnig um að panta túlk fyrir móttökuviðtal.

Mikilvægt er að foreldrar fái í hendurnar á fyrsta fundi allar upplýsingar um starf skólans og þá þjónustu sem hann býður upp á. Þessar upplýsingar koma fram í skólahandbókinni. en það þarf einnig að ræða þessa punkta í viðtalinu.

- Upplýsingar um skólann, heimilisfang og símanúmer: Kemur fram í Skólahandbók
- Upplýsingar um sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofunnar: Kemur fram í Skólahandbók
- Stundatöflu, best að hafa hana myndræna og með texta: Afhenda í móttökuviðtalinu
- Upplýsingar um ípróttatíma og hvað þurfi að hafa með í þá, gæti einnig verið myndrænt: Ræða í móttökuviðtalinu.
- Upplýsingar um umsjónarkennarann og viðtalstíma hans og verkefnisstjóra í íslensku sem öðru máli: Ræða í móttökuviðtalinu og kemur fram í skólahandbók og líka á stundatöflu
- Upplýsingar um fyrirkomulag og markmið foreldraviðtala: Er upplýsingaviðtal o.fl.
- Upplýsingar um nám í íslensku sem öðru tungumáli sem og námið í bekk: Ræða í móttökuviðtalinu.
- Upplýsingar um námsmat: Ræða í móttökuviðtalinu.
- Upplýsingar um námsráðgjöf í skólanum: Ræða í móttökuviðtalinu.
- Upplýsingar um skólamáltíðir, nesti og drykki: Ræða í móttökuviðtalinu.
- Myndrænar skólareglur: Ræða í móttökuviðtalinu.
- Upplýsingar um skólaheilsugæslu: Ræða í móttökuviðtalinu.



- Upplýsingar um tómstundastarf í Reykjanesbæ: Ræða í móttökuviðtalinu.
- Tölum móðurmálið, http://www.ryerson.ca/mylanguage/hold_on/, vefur um mikilvægi móðurmálsins: Ræða í móttökuviðtalinu.

13. Uppeldisstefna skólans

Í Háaleitisskóla er stuðst við uppeldisstefnuna, Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun (PBS) og eru einkunnarorð skólans ÁBYRGÐ – SAMVINNA - TILLITSSEMI. Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun er árangurríkt stjórnunartæki sem reynist öllum nemendum vel og líka þeim sem hættir til hegðunarvandamála. PBS er inngríp vegna hegðunar einstakra nemenda, bekkja og skóla í heild og samvinnu við fjölskyldur. Kerfið byggist á stuðningi handa öllum nemendum skólans. Verkefnið byggist á því að skólasamfélagið setji fram skýrar reglur um æskilega hegðun á viðeigandi svæðum og nemendum eru kenndar væntingar til hvers svæðis fyrir sig. Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun byggist á samvinnu og samskiptum allra starfsmanna skólans. Settar eru skýrar reglur um afleiðingar óæskilegrar hegðunar og aðgerðir starfsfólks við að styrkja jákvæða hegðun nemenda. Nemendum eru kenndar reglur og væntingar fyrir hvert svæði skólans og sýnileg umbun notuð til að styrkja æskilega hegðun (hrósmiðar). Lögð er áhersla á gagnasöfnun til að meta árangur verkefnisins og til að vinna jafnvel frekar með þau svæði sem nemendur hafa ekki náð að tileinka sér viðeigandi væntingar fyrir.

13.1 Skólareglur

Starfsmenn, nemendur og foreldrar/forráðamenn nemenda í Háaleitisskóla vilja kappkosta um að starfsandi og skólabragur sé sem bestur og gera með sér sáttmála um að svo megi verða. Öll höfum við réttindi en einnig skyldur sem við tökum á okkur til að stuðla að góðum skólabrag og starfsanda í skólanum. Með því að bera virðingu hvert fyrir öðru, stuðlum við að vellíðan, gagnkvæmu trausti og samábyrgð og sýnum þannig mannrækt í verki.

Skólareglur Háaleitisskóla

Lögum samkvæmt eiga skólar setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Til að starfsandi og skólabragur sé sem bestur í okkar skóla höfum við sett okkur fáar og skýrar reglur.

- Við erum stundvís.
- Við komum fram af virðingu, kurteisi og tillitssemi við aðra.
- Nemandi ber ábyrgð á orðum sínum og gerðum.
- Nemandi á að sinna hlutverkum sínum og bera ábyrgð á eigum sínum og skóladóti.
- Nemandi virðir umhverfi sitt.
- Við hugsum vel um heilsu okkar og komum með hollt og gott nesti í skólann.
- Neysla sælgætis og gosdrykkja er ekki leyfð í skólanum.
- Neysla tóbaks, áfengis og annarra ólöglegra vímuefna er bönnuð í skólanum eða á skólalóð. Með tóbaksnotkun er hér átt við sigarettur, nef- og munntóbak, rafrettur (veip) og tóbakslíki.
- Notkun farsíma er ekki leyfð í skólanum eða á skólalóð. Skólareglur Háaleitisskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, hvort heldur í kennslu, innan veggja skólans eða utan, á skólaskemmtunum, á skólalóð, vettvangsferðum, félagsstarfi eða ferðalögum.
- Yfirhafnir og skófatnað á að setja á viðeigandi staði. Yfirhafnir, húfur og önnur höfuðföt eru ekki leyfð í kennslustundum, í matartímum eða samkomum á sal.

Skólareglurnar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, í kennslu, á skólaskemmtunum, á skólalóð, vettvangsferðum, í félagsstarfi og á ferðalögum.


Skólahefðir Háaleitisskóla:

- Við stöndum í stafrófsröðum.
- Við göngum hægra megin á göngum skólans.
- Við heilsumst með handabandi við upphaf og lok skóladags.
- Við stöndum fyrir aftan stólinn okkar við upphaf kennslustundar.

13.2 Agaferill



Agaferill Háaleitisskóla



Hegðunarfrávik og afleiðingar

1. stigs	2. stigs	3. stigs
Hegðunarfrávik: <ul style="list-style-type: none"> • Þras/ ögrun/ ritfildi. • Truflar athafnir/ leiki/ vinnu annarra. • Vinnur ekki í kennslustund. • Gengur illa um. • Snerting/ togar/ ýtir öðrum. 	Hegðunarfrávik: <ul style="list-style-type: none"> • Særandi/ niðrandi orðbragð. • Ósannsógli /svindl. • Áreiði/ hrekkir/ stríðni. • Neitar að fylgja fyrirmælum. • Stympingar. • Síendurtekin brot á 1. stigs hegðunarfráviki. 	Hegðunarfrávik: <ul style="list-style-type: none"> • Ofbeldi/ slagsmál/ ógnandi hegðun. • Skemmdarverk. • Þjófnaður. • Síendurteknir hrekkir (einelti). • Annað (vopn, reykingar, eldfæri, fíkniefni). • Síendurtekin brot á 2. stigs hegðunarfráviki.
Agaferill starfsfólks: <ul style="list-style-type: none"> • Leiðrétt eða leyst á staðnum. • Ef ekki er atvik skráð á Mentor og umsjónarkennari látin vita. 	Agaferill starfsfólks: <ul style="list-style-type: none"> • Leiðrétt eða leyst á staðnum. • Umsjónarkennari látinn vita. • Skráð á Mentor og / eða hringt í foreldri / forráðamann. 	Agaferill starfsfólks: <ul style="list-style-type: none"> • Nemandi er fjarlægður úr aðstæðum. • Skólastjórnandi og umsjónarkennari upplýstir um málið. • Forráðamaður upplýstur og kallaður til ef þörf er á. • Skráð á Mentor. • Skólastjórnendur taka ákvörðun um hvernig skóladegi lýkur.

13.3 Viðbrögð við agamálum

- Kennarar ræða við nemendur um umgengni og hegðun. Umsjónarkennarar ræða við nemendur sína um skólareglur og umgengni og gera þá samábyrga fyrir góðum bekkjaranda og hvetjandi námsumhverfi.
- Ef í ljós kemur að einstaklingur er ábyrgur fyrir truflun í kennslustund eða gerist á annan hátt brotlegur við skólareglur, ber kennara að ræða við nemandann einslega. Hann reynir að fá nemandann til þess að láta af hegðun sinni og bendir honum á hvaða afleiðingar hegðun hans hefur fyrir hann og skólafélagana.
- Láti nemandi ekki segjast við áminningar þá lætur kennari foreldra/forráðamenn og umsjónarkennara vita um vandann og óskar eftir að þeir taki þátt í lausn hans. Beri það ekki árangur, þá tilkynnir umsjónarkennari foreldrum/forráðamönnum það, sem og skólastjóra. Möguleg lausn getur verið að vísa máli nemandans til nemendaverndarráðs og/eða til sálfræðings skólans. Slíkt skal gert í samráði við skólastjórnendur og foreldra/forráðamenn.
- Náist ekki árangur í meðförum umsjónarkennara skal vísa málinu til skólastjórnenda, sem ræði við nemandann og áminna um leið og hvatt er til betri hegðunar. Láti nemandi ekki skipast við áminningar skólastjóra/aðstoðarskólastjóra, kallar skólastjóri foreldra/forráðamenn til fundar, þar sem reynt er að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig best er að leysa vandann.
- Ef nemandi brýtur ítrekað skólareglur, er ekki sjálfgefið að hann fái að fara í ferðalög á vegum skólans. Skólastjórnendur skulu gera nemanda og foreldrum/forráðamönnum grein fyrir slíkum viðurlögum og nemanda jafnframt gefinn kostur á að bæta úr hegðun sinni, þannig að ekki þurfi að beita áðurnefndum viðurlögum.
- Ef ekki tekst að finna lausn á vanda nemandans og ef hegðun hans kemur í veg fyrir eðlilegt skólastarf, þá getur skólastjóri vísað honum úr skóla tímabundið, meðan reynt er að finna lausn á vanda nemandans sbr. reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur. Skólastjóra ber að ræða við foreldra/forráðamenn áður en gripið er til slíkrar brottvísunar og tilkynna brottvísunina til menntasviðs/fræðsluráðs.
- Ef ekki tekst að leysa vanda nemanda innan skóla á viku, vísar skólastjóri málinu til fræðsluráðs. Fræðsluráð ber ábyrgð á að finna nemandanum nýtt skólaúrræði.

Meðferð tóbaks, áfengis eða annarra ólöglegra vímuefna

Meðferð tóbaks, áfengis og annarra ólöglegra vímuefna á skólatíma, skólalóð eða á skemmtunum á vegum skólans hefur í för með sér brottrekstur úr skóla á meðan málið er tekið fyrir. Sama á við um önnur alvarleg agabrot sem upp geta komið. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að fimm virka daga án þess að nemandi sé útvegað annað skólaúrræði.

Notkun GSM síma / snjallsíma í skólanum

Notkun GSM síma / snjallsíma er óheimil með öllu á skólatíma. Ef nemandi virðir ekki þessa reglu skal hann afhenda kennara eða starfsmanni skólans símann. Nemandi má sækja símann á skrifstofu skólans að loknum skóladegi.

13.4 Skólasókn

Ef skólasókn hrakar fer ákveðið ferli í gang, skólinn vinnur eftir leiðbeinandi verklagsreglum varðandi ástundun nemenda. Umsjónarkennari ræðir við nemandi og haft er samband við foreldra/forráðamenn, jafnframt því sem skólastjórnendur eru látnir vita um stöðu mála.

Ef þurfa þykir geta nemendur, foreldrar/forráðamenn og kennarar leitað aðstoðar hjá námsráðgjafa og/eða sálfræðingi skólans, skólahjúkrunarfræðingi eða starfsfólki menntasviðs Reykjanesbæjar. Samkvæmt lögum verður tilkynnt til barnaverndar ef skólasókn er óviðunandi. Verklagsreglur Reykjanesbæjar varðandi skólasókn má sjá á heimasíðu skólans undir skólasókn.



14. Ýmsar áætlanir sem lúta að velferð, vellíðan og öryggi nemenda og starfsfólks í skólasamfélaginu

Mikilvægt er að hugað sé að verklagi og áætlunum sem eiga að tryggja velferð, vellíðan og öryggi bæði nemenda og starfsfólks í skólasamfélaginu. Börnum og starfsfólki sem líður vel og er öruggt í starfi sínu er líklegra til að ná árangri í störfum sínum, hvort sem það er nám eða kennsla. Hér að neðan eru birtar nokkrar þær áætlanir og verkferlar sem unnið er eftir í skólasamfélaginu okkar til að tryggja ofangreinda þætti.

14.1 Forvarnarstarf skólaheilsugæslu

Skólahjúkrunarfræðingur nýtir þau tækifæri sem gefast til að fræða börnin um flest það sem lýtur að heilbrigði og vellíðan og vekur þau til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilsu. Megináhersla er lögð á mikilvægi heilbrigðra lífshátta og að hver og einn beri ábyrgð á eigin heilsu og foreldrar/forráðamenn á heilsu barna sinna. Auk þess sinnir skólahjúkrunarfræðingur skipulagðri heilbrigðisfræðslu, eftir því sem við verður komið, fyrir bekkji eða afmarkaða hópa.

Yfirlit yfir skimanir, bólusetningar, fræðslu og forvarnarstarf skólaheilsugæslu

1. bekkur:

Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.

4. bekkur:

Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.

7. bekkur:

Sjónpróf, hæðarmæling, þyngdarmæling og athugun á litaskyni.

Hver nemandi kemur í viðtal til hjúkrunarfræðings þar sem áhersla er lögð á heilbrigðisfræðslu, heilbrigðishvatningu, ráðgjöf og stuðning eftir þörfum hvers og eins.

Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta).

9. bekkur:

Sjónpróf, heyrnpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.

Hver nemandi kemur í viðtal til hjúkrunarfræðings þar sem áhersla er lögð á heilbrigðisfræðslu, heilbrigðishvatningu, ráðgjöf og stuðning eftir þörfum hvers og eins.

Bólusett gegn mænusótt, barnaveiki, kíghósta og stífkrampa (ein sprauta).

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til eða ef foreldrar óska eftir því.

Skólaheilsugæsla fylgist einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli landlæknis segja til um. Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna.

14.2 Viðbragðsáætlun gegn einelti

Starfsfólk Háaleitisskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum. Leitað er allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Háaleitisskóli á að vera öruggur vinnustaður nemenda og kennara þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju.

Háaleitisskóli vinnur eftir skilvirkri eineltisáætlun. Í skólanum er öflugt eineltisteymi sem tekur á eineltismálum sem koma upp í skólanum. Skólinn vinnur eftir eineltisforvörnum PBS sem er „Stöndum saman“. Á heimasíðu skólans er hægt að fylla út tilkynningarblað vegna gruns um einelti sem er svo tekið fyrir hjá eineltisteymi skólans. Eineltisteymi skólans vinnur eftir skilvirkum verkferlum sem unnir eru eftir ráðleggingum Kolbrúnar Baldursdóttur sálfræðings, sem hefur sérhæft sig í meðferð eineltismála í skólum. Allt starfsfólk skólans ber ábyrgð á því að tilkynna mál sem koma upp til eineltisteymis sem í framhaldi fer í ákveðna verkferla og teymið mun leiða það starf áfram.

Hvað er einelti?

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt og/eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Þetta þarf að vera endurtekið aftur og aftur og sá sem fyrir eineltinu verður er ekki fær um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis. Álitid er að stríðni verði að einelti þegar um endurtekna áreitni í langan tíma af einum eða fleiri er að ræða og hegðunarmynstur og líðan þolandans breytist vegna hennar. Ekki er um einelti að ræða ef atvikið gerist einu sinni.

Verkferlar í eineltismálum:


Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur með verklagsreglunni er að samræmt verklag fari af stað þegar tilkynning um grun um samskiptavanda eða einelti berst grunnskóla Reykjanesbæjar. Verklagsreglan gildir um öll tilvik þegar grunur vaknar, allt frá því að tilkynning berst og þar til að málið tejist vera upprætt.

Ábyrgð:

Skólastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni í sínum grunnskóla.

Allir starfsmenn og samskipta- / eineltisteymi hvers grunnskóla bera ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni. Einnig bera forráðamenn ætlaðs þolanda og ætlaðs geranda ábyrgð á að taka þátt í verklagsreglunni.



Samskipta-/eineltisteymi er virkjað

1. Forráðamaður eða annar aðili nálgast starfsmann grunnskóla vegna gruns um samskiptavanda eða einelti. Starfsmaður ber ábyrgð á að upplýsa viðkomandi um möguleikann á að senda inn formlega tilkynningu. Tilkynningareyðublað má finna á heimasíðum grunnskólanna.

2. Starfsmaður tekur á móti tilkynningu um grun um samskiptavanda eða einelti og ber hann ábyrgð á að koma henni áleiðis til eineltisteymis. Upplýsingar um þá sem sitja í samskipta- / eineltisteymi hvers skóla má finna á heimasíðum og/eða hjá ritara viðkomandi skóla.

Tilkynning um samskiptavanda eða einelti í grunnskóla tekin til umræðu

1. Þegar formleg tilkynning um grun um samskiptavanda/einelti berst ber samskipta- / eineltisteymi ábyrg á að mál sé stofnað.

2. Samskipta- / eineltisteymi upplýsir forráðamenn ætluðum þolanda og ætluðum geranda og þeim gert grein fyrir því hvað þeir geti gert sjálfir til að aðstoða barn sitt og mikilvægi samstarfs við samskipta- og eineltisteymis.

3. Samskipta- / eineltisteymi ber ábyrgð á að taka tilkynninguna til umfjöllunar á teymisfundi og meta næstu skref. M.a. atriða sem þarf að taka til greina eru:

- Hvers eðlis er samskiptavandinn eða eineltið (andlegt/líkamlegt).
- Við hvaða aðila þarf að ræða.
- Hverja þarf að upplýsa. Rita skal fundargerð og vista undir viðkomandi máli.

4. Eftir umfjöllun setur teymið upp áætlun í fundargerðinni um næstu skref og hvernig málið verði rannsakað.
5. Teymið upplýsir þá starfsmenn sem koma að ætluðum þolanda um stöðuna og þeir beðnir um að fylgjast með samskiptum hans við aðra nemendur. Upplýsingum um samskipti skal komið til eineltisteymis. ATH að upplýsingar um ætlaðan geranda geta verið leiðandi og því ekki æskilegar á þessum tímapunkti.
6. Fulltrúi samskipta- / eineltisteymis tekur við upplýsingum um samskipti viðkomandi nemenda og skráir á minnisblað undir málinu.
7. Teymið setur rannsókn af stað.

Rannsókn og niðurstöður samskipta-/eineltisteymis grunnskóla

1. Rannsókn í kjölfar tilkynningar um samskiptavanda eða einelti í grunnskóla felst í að samskipta- / eineltisteymi tekur einstaklingsviðtöl við viðeigandi aðila, svo sem ætlaðan þolanda, ætlaðan geranda, starfsfólk, forráðamenn, samnemendur eða aðra sem að málinu gætu komið. Samskipta- og eineltisteymi skal skrá upplýsingar um öll samtöl á minnisblöð undir málinu.
2. Samskipta- / eineltisteymi ber ábyrgð á að lögð verði könnun um líðan og tengsl fyrir bekk ætlaðs þolanda og ætlaðs geranda.
3. Samskipta- / eineltisteymi rýnir þau gögn sem rannsókn leiðir af sér og skráir niðurstöður þar sem fram kemur hvernig málinu verði fylgt eftir.
4. Samskipta- / eineltisteymi boðar forráðamenn til fundar til að bera niðurstöður undir þá og upplýsingar um hvernig málinu verði fylgt eftir.

Rannsókn samskipta- og eineltisteymis fylgt eftir

1. Umsjónarkennari ber ábyrgð á því að halda bekkjarfund þar sem hann fer yfir skilgreiningu á einelti og ræðir m.a. um líðan, samskipti og hegðun. Markmiðið er að stuðla að samstöðu nemenda gegn einelti.
2. Samskipta- / eineltisteymi ber ábyrgð á að fylgja málinu eftir samkvæmt því sem var skráð í niðurstöður málsins.
3. Samskipta- / eineltisteymi heldur stöðufund eftir að eftirfylgni hefur farið fram. Á fundinum er tekin afstaða til málsins og hvort: a) loka megi því eða hvort b) nauðsynlegt sé að fara í meira íþyngjandi aðgerðir.

Aðgerðir samskipta- og eineltisteymis bera ekki árangur

1. Þegar eftirfylgni eineltisteymis sýnir fram á að ekki hafi tekist að uppræta samskiptavanda/ einelti skal teymið upplýsa þá starfsmenn sem koma að þolanda og geranda um stöðuna og þeir beðnir um að fylgjast áfram með samskiptum viðkomandi nemenda. Upplýsingum um samskipti skal komið til samskipta - / eineltisteymis.

2. Fulltrúi samskipta- og eineltisteymis tekur við upplýsingum um samskipti viðkomandi nemenda og skráir á minnisblað undir málinu.
3. Samskipta - / eineltisteymi skal ræða við þolanda og geranda daglega á fyrirfram ákveðnum tíma. Gera þarf geranda grein fyrir þeim afleiðingum sem einelti hefur í för með sér, bæði fyrir viðkomandi og þolandann. Gerandi getur átt von á viðurlögum samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla. Taka þarf stöðu á líðan hjá þolanda og honum gert grein fyrir því að hann stendur ekki einn.
4. Samskipta-/eineltisteymi vísar málinu til nemendaverndarráðs

Einkenni samskiptavanda og eineltis í grunnskólum - Hvað geta forráðamenn gert

Einelti er endurtekin athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, móðga, særa, mismuna, útskúfa eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Einelti hefur margar birtingarmyndir en það getur falist í móðgun, særandi orðræðu, ógnun, baktali, útbreiðslu lyga og líkamsmeiðingum svo eitthvað sé nefnt.

Stundum er einelti augljóst öllum sem vilja sjá það en oft er það mjög dulið og alls ekki augljóst.

Forvarnir - Hvað geta forráðamenn gert?

- Fylgjast með netnotkun barna sinna
- Mikilvægt er að börn séu alin upp við jákvæða athygli. Þau læri að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum.
- Þjálfar börn í félagsfærni og samskiptum
- Vera í góðum samskiptum við aðra forráðamenn í vinahóp og árgangi
- Aðstoða börn sín við að leysa vandamál
- Taka eineltis og ofbeldismál alvarlega hvort sem börn þeirra séu þolendur, gerendur eða áhorfendur
- Hvetja börnin til að segja frá einelti og styðja við bakið á þeim
- Vera meðvitaðir um hvað einelti er, einkenni og afleiðingar þess.

Hvaða vísbendingar eru um að barnið mitt sé lagt í einelti

Skólinn

- Barnið vill ekki fara í skólann
- Barnið er hrætt við að fara í og úr skóla
- Barnið fer óvenjulega leið til og frá skóla
- Barnið kemur of seint í skólann eða heim úr skólanum

- Barnið er svangt þegar það kemur heim
- Barninu fer að ganga verr í skólanum
- Barnið týnir bókum, hlutum eða fötum

Félagslíf

- Barnið forðast vini og önnur börn
- Barnið lokar sig af og hættir að sinna áhugamálum sínum

Hegðun

- Barnið biður um aukapening eða byrjar að hnupla þeim
- Barninu líður illa en vill ekki segja hvað er að
- Barnið fer að atast í systkinum eða foreldrum
- Barnið rýkur upp af litlu tilefni, er pirrað eða stjórnlaust í skapi
- Sjálfstraustið minnkar
- Barnið grætur sig í svefn og fær martraðir

Einkenni þolenda/gerenda

Hafa skal í huga að eftirfarandi listi er ekki tæmandi og alls ekki með alhæfingar.

Polendur

- Óöruggari, hræddari, feimnari, hlédrægari og hægverskari
- Geta sýnt meiri reiði en aðstæður gefa tilefni til eða fýlugjarnari,
- Einmanaleiki
- Þróa með sér neikvæða sjálfsmynd og álíta sig oft heimska, misheppnaða og lítið aðlaðandi.

Gerendur

- Hefur gaman af því að hæðast að, brjóta gegn rétti annarra, stjórna, meiða eða gera lítið úr öðrum börnum.
- Geta sýnt árásarhneigð og jákvætt viðhorf til ofbeldis og ofbeldisverka. Oftar en ekki skapbráð og vilja ráða yfir öðrum og njóta oft töluverða vinsælda meðal félaganna.
- Hafa litla tilfinningu fyrir líðan annarra og eiga erfitt með að setja sig í spor annarra.
- Oft er hópur meðhjálpara til aðstoðar. Þeir eru stundum með og stundum ekki. Þeir bera ekki sömu einkenni og megin gerandinn en dragast með sumpart til að koma sér í mjúkinn hjá forsprökkunum eða af hreinni forvitni og múgæsingi.

Viðbrögð – Hvað geta forráðamenn gert?

Mikilvægt er að mæta barninu þar sem það er statt og miða umræðu og val á orðum við aldur þess. Eftirfarandi atriði eiga við um ef barn segir sjálft frá einelti sem það verður fyrir eða verður vitni að

- Trúa barni þegar það segir frá
- Hlusta
- Sýna stuðning
- Sýna þolinmæði
- Sýna þakklæti fyrir því að barnið skuli hafa sagt frá erfiðleikum sínum
- Upplýsa barnið um þrjár grundvallarreglur sem gott er að fara eftir
 - Vera ákveðin/n
 - Leita eftir stuðningi foreldra, kennara og félaga
 - Forða sér úr aðstæðum
- Hrósa barninu fyrir að takast á við vandann
 - Polandi sýnir t.d. mikið hugrekki með því að mæta í skólann á hverjum degi
- Leitast við að aðstoða barnið með vinatengsl því einn vinur getur skipt sköpum
- Gæta þess að það einangri sig ekki
- Hafa samband við skólann, t.d. umsjónarkennara og/eða aðra foreldra í bekknum

Hvað ef barnið mitt er gerandi?

Gott er að vera með ofangreind atriði í huga einnig fyrir forráðamenn með geranda í eineltismáli. En jafnframt:

- Skýra þarf út fyrir barninu að það er ólíðandi að særa aðra, líkamlega og andlega.
- Gott er að fá barnið til að setja sig í spor þolenda og ímynda sér hvernig þeim líður
 - Þannig eflum við samkennd
- Ræðið um virðingu og umburðarlyndi
- Skoðið eigin hegðun og hegðun annarra í fjölskyldunni
- Mikilvægt er að barnið viti að forráðamenn verði í sambandi við kennara og aðra starfsmenn skólans og fylgist með framgangi málsins.
- Ef vel gengur má ekki gleyma að hrósa barninu.

14.3 Áfengis- og fíknivarnir:

Áfengis- og fíknivarnir taka til almennra forvarna s.s. gagnvart tóbaki, nikótíni, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn. Háaleitisskóli skal vera vímuefnalaus. Nemendum er óheimilt að nota tóbak, veip, nikótínvörur, áfengi eða önnur fíkniefni á skólatíma eða á viðburðum á vegum skólans. Skólinn fylgir lögum um tóbaksvarnir sem felur í sér að nemendum, starfsfólki, foreldrum og gestum er ekki heimilt að nota slík efni á skólasvæðinu.

Háaleitisskóla ber skylda til að fræða nemendur og miðla upplýsingum varðandi fíkn og fíknivanda. Markmiðið er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast reykingum, vímuefnum eða leiðast út í fíknihæðun. Fræðslan fer fram með fjölbreyttum hætti og koma margir aðilar að henni, svo sem kennarar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og utanaðkomandi aðilar sem eru sérfræðingar á ákveðnum sviðum.

Leiðir að forvörnum

- Styrkja sjálfsmýnd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi og geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífsstíls.
- Kennsla í lífsleikni með notkun námsgagna sem eru byggð á fræðilegum grunni og aldursmiðuð.
- Leiðbeina nemendum um að temja sér jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og tillitssemi í samskiptum við aðra.
- Fræða nemendur um skaðsemi tóbaks, nikótíns, áfengis og annarra fíkniefna og afleiðingar af neyslu þessara efna. Sömuleiðis að fræða um annars konar fíkn t.d. netfíkn.
- Eiga öflugt samstarf við forráðamenn, fagfólk á menntasviði, félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna.
- Finna lausnir að úrræðum fyrir nemendur í áhættuhópum.
- Námsráðgjafi starfar við Háaleitisskóla. Nemendur geta leitað til hans og rætt við hann um sín persónulegu mál.
- Hjúkrunarfræðingur hefur fasta viðveru í skólanum og sinnir meðal annars forvarnarstarfi. Forvarnarefni heilsugæslunnar, 6H, er notað við þá fræðslu.

Viðbrögð þegar upp kemur grunur eða vitneskja um notkun á tóbaki, nikótíni, áfengi eða öðrum vímuefnum

- Öll notkun á tóbaki, nikótíni, áfengi eða öðrum vímuefnum er bönnuð í og við skólann samkvæmt skólareglum og er forráðamönnum gert viðvart ef nemandi verður uppvís að slíku broti.
- Hafi starfsfólk skólans grun um að nemandi sé farinn að reykja eða nota tóbak/nikótín gerir kennari, námsráðgjafi eða stjórnandi forráðamönnum viðvart.
- Ef grunur um neyslu áfengis eða fíkniefna nemanda vaknar hjá starfsfólki skólans er umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnanda tilkynnt um málið. Forráðamenn eru upplýstir og þeim bent á hvert þeir geti leitað eftir aðstoð.
- Ef staðfestar upplýsingar liggja fyrir um áfengisneyslu nemanda eða neyslu annarra vímuefna skal námsráðgjafi eða skólastjórnandi boða forráðmenn til fundar.
- Málinu er eftir atvikum vísað til nemendaverndarráðs.
- Skólastjóri tilkynnir barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið í samræmi við niðurstöðu nemendaverndarráðs.
- Skóli og barnaverndaryfirvöld vinna saman að framgangi máls.

Góð ráð til forráðamanna

Þættir sem auka líkurnar á heilbrigðu og vímuefnalausum lífi ungmenna:

- Gott sjálfstraust.
- Sterk sjálfsmynd.
- Sterk félagsleg tengsl og vinir.
- Lögbundinn útivistartími virtur.
- Að börn séu undir eftirliti þegar þau koma saman.
- Að forráðamenn gefi sér tíma í samveru með barni sínu.
- Þekkja vini barnsins og forráðamenn þeirra.
- Hvetja barnið til hvers konar íþrótt- og tómstundaiðkunar.
- Vera börnunum góð fyrirmynd.
- Stuðningur, aðhald og skýrar reglur.
- Jákvætt viðhorf til skóla og áhugi á námi barns.
- Góð samvinna heimila og skóla.

- Forráðmenn séu vel upplýstir um forvarnir og uppeldismál almennt.

Æskileg viðbrögð við vímuefnaneyslu barna

- Sýndu rósemi og yfirvegum í samtali við barnið.
- Aflaðu þér upplýsinga um vímuefni. Þær má t.d. finna á netinu eða hjá forvarna- og heilbrigðisaðilum.
- Hafðu samband við aðra forráðamenn sem eru í svipaðri stöðu. Reynsla þeirra getur oft hjálpað mikið. Einnig er hægt að leita til heilsugæslu eða barnaverndar.
- Æskilegt er að upplýsa skólann um notkun barns á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum eða grun um slíkt.

Merki um fíknivanda

Líkamleg einkenni

- Áhugaleysi á eigin útliti t.d. klæðnaði eða hreinlæti.
- Minnkandi matarlyst.
- Breyting á heilsufari.
- Breyting á svefnvenjum.

Tilfinningaleg einkenni

- Áhugaleysi, uppgjöf, vonleysi.
- Kvíði, spennu, álag.
- Þreyta, aukin svefnþörf.
- Skyndilegir erfiðleikar í sambandi við einbeitingu/rökhugsun.
- Sektarkennd, samviskubit.
- Skapsveiflur, skapbrestir.
- Einangrun eða minnkandi ánægja af félagslegum samskiptum.

Hegðunarleg einkenni

- Dvínandi árangur í skóla.
- Minnkandi áhugi á íþróttum og tómstundum.

- Sjálfskaðandi hegðun.
- Ögrandi lífsstíll sem birtist t.d. í klæðnaði.
- Áhugaleysi um eigur sínar.
- Andfélagsleg hegðun t.d. þjófnaðir eða árásir.

Hvert er hægt að leita þegar vandi steðjar að?

Í Háaleitisskóla er starfandi námsráðgjafi sem bæði forráðamenn og nemendur geta leitað til varðandi nám og líðan. Námsráðgjafi getur hlustað, gefið góð ráð og leiðbeint með næstu skref. Sömuleiðis er starfandi hjúkrunarfræðingur í skólanum sem forráðamenn og nemendur geta leitað til.

Gagnlegar vefsíður

www.foreldrahus.is

www.heilsuvera.is

www.spilavandi.is

www.abyrsgspilun.is

www.saft.is

www.forvarnir.is

www.samanhopurinn.is

14.4 Öryggis- og slysavarnir



Slys

Slasist barn í skólanum veita hjúkrunarfræðingur og/eða kennari fyrstu hjálp. Þurfi barn að fara á slysadeild er æskilegt að foreldrar/forráðamenn fari sjálfir með barnið. Ef ekki næst í foreldra/forráðamenn fer ábyrgur aðili frá skólanum með barninu. Nauðsynlegt er að hafa símanúmer foreldra og forráðamanna bæði heima og á vinnustað í skólanum.

Foreldrum og forráðamönnum er bent á að kynna sér þær tryggingar sem skólinn hefur vegna slysa nemenda í skóla.

Frímínútur og gæsla

Frímínútur og gæsla Nemendur í 1. - 7. bekk fara út í frímínútur. Kennarar eiga að fylgja nemendum sínum af gangi áleiðis að útidyrum. Varsla í frímínútum, bæði úti og inni er í höndum starfsmanna skólans. Nemendur í 8. - 10. bekk geta verið á sal í frímínútum.. Nemendum er með öllu óheimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma.

Aðkoma að skólanum

Bílastæði skólans eru við austur og vesturhlið skólans. Þeir sem koma akandi í skólann með börn sín eru beðnir um að nota þessi bílastæði skólans.

Heimsóknir í skólann

Háaleitisskóli leggur áherslu á að skapa nemendum og starfsfólki eins öruggt og gott náms- og starfsumhverfi og kostur er. Þess vegna biðjum við gesti okkar á skólatíma um að ganga inn um aðalinngang á vesturhlið við komuna í skólann og gera grein fyrir erindi sínu á skrifstofu. Mikilvægt er að trufla ekki það starf sem fram fer í skólanum. Hlutum sem þarf að koma til nemenda á skólatíma er komið til skrifstofustjóra/ritara sem kemur þeim síðan áfram. Með þessu fyrirkomulagi truflum við ekki námsumhverfi nemenda og sínum starfinu í Háaleitisskóla virðingu. Þetta á ekki við um upphaf og lok skóladags þegar verið er að fylgja nemendum í skólann eða sækja.

Skólalóð

Skólalóðin er góð með fjölbreyttum leiktækjum. Leikvellir skólans eru upplýstir svo og skólalóð og girðing er kringum fótboltavöll. Skólalóð er lokuð fyrir bifreiðaumferð á skólatíma.

Skólaakstur

Hópferðir Sævars, Bus4U, aka nemendum til og frá skóla. Skólabíll á vegum Bus4U ekur nemendum til og frá skólanum í sundkennslu í Vatnaveröld. Starfsmaður fylgir yngri nemendum í sundkennsluna, hann fer með þeim í strætisvagninum báðar leiðir og er þeim til aðstoðar.



14.5 Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin nær til kynjajafnréttis meðal starfsfólks og nemenda Háaleitisskóla. Hún er byggð á ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 10/2008, sem tóku gildi þann 18. mars 2008. Hún tekur einnig mið af jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar. Markmið áætlunarinnar er að gæta jafnréttis á milli kynja í öllu skólastarfi.

Einkunnarorð Háaleitisskóla eru menntun og mannrækt og eru þau í hávegum höfð í öllu skólastarfi skólans bæði hjá nemendum og starfsfólki. Konur og karlar eiga að hafa sömu kjör og réttindi en samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eiga allir að vera jafnir fyrir lögum og njóta sömu mannréttinda. Skólinn hefur sett sér móttökuáætlanir fyrir nýbúa og nýnema, eineltisáætlanir sem taka á eineltismálum og öðrum ofbeldismálum innan skólans og jafnréttisáætlun sem er verkfæri skólans við að gæta jafnréttis. Skólinn leggur mikla áherslu á einstaklingsmiðað nám til að koma á móts við þarfir hvers og eins ásamt því að leggja áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Lögð er áhersla á að gera skólann aðgengilegan fyrir nemendur með sérþarfir svo sem með tilliti til fötlunar og hegðunar. Í Háaleitisskóla er unnið eftir uppeldisaðferðinni heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun (PBS) sem samræmir væntingar til nemenda og starfsfólks. Einkunnarorð PBS eru ábyrgð - samvinna - tillitssemi. Menntun og mannrækt er grunnur að öllu skólastarfi skólans fyrir starfsfólk og nemendur, þar sem allir njóta mannréttinda óháð uppruna, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, kynferði, kynhneigð, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar og/eða annarrar stöðu.

Stjórnendur

Skólastjórnendur bera ábyrgð á jafnréttismálum skólans. Þeir gera jafnréttisáætlun, skipa í jafnréttisteymi og sjá um framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun jafnréttisáætlunar.

Starfsfólk

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Þegar störf eru auglýst skal hugað að því að bæði kyn geti sótt um þau, að bæði kyn séu hvött til þess að sækja um og að farið sé í einu og öllu eftir jafnréttislögum varðandi ráðningar í störf. Í Háaleitisskóla er meirihluti starfsfólks konur og reynt verður að jafna þennan kynjamun við nýráðningar starfsfólks ef mögulegt er. Í skólastarfinu skal þess gætt að allt starfsfólk fái notið starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar óháð kyni. Stjórnendur munu leitast við að hvetja starfsfólk, óháð kyni, til þess að efla hæfni sína með starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Laun

Konur og karlar eiga að fá sömu laun fyrir sömu vinnu. Ef kynbundinn launamunur kemur í ljós við endurskoðun jafnréttisáætlunar Reykjanesbæjar eða jafnréttisáætlunar Háaleitisskóla, skal jafna hann hið fyrsta.

Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Þess skal gætt að komið sé til móts við óskir og þarfir starfsmanna varðandi sveigjanleika svo að starfsfólk geti sinnt skyldum sínum í starfi og einkalífi. Mjög mikilvægt er að gott jafnvægi sé á milli fjölskyldulífs og vinnustaðar starfsfólks, það eykur starfsánægju og vellíðan og kemur í veg fyrir kulnun í starfi.

Kynjasambætting

Horfa á til þeirra þátta sem geta snert kynin á ólíkan hátt. Meta skal hvaða afleiðingar stefnumótun eða ákvarðanatáka getur haft á hvort kyn og bregðast við ef sýnt þykir að verulega muni halla á annað kynið. Mikilvægt er að alltaf sé gengið úr skugga um hvort verið sé að nýta hæfileika og menntun beggja kynja þegar verið er að móta stefnu og taka ákvarðanir.

Telji starfsmaður á sér brotið samkvæmt áætlun þessari og lausn finnst ekki innan skólans getur viðkomandi leitað til mannauðsstjóra Reykjanesbæjar.

Nemendur

Kynbundin mismunun er ekki liðin. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verða höfð að leiðarljósi í skólastarfinu og leitast verður við að mæta þörfum stúlkna og drengja.

Í 23. gr. laga 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir:

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð þar á meðal í íþrótt- og tólmstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Menntun og skólastarf

Unnið verður samkvæmt markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla um jafnréttismál og einn af sex grunnþáttum menntunar, jafnrétti, hafður í öndvegi í skólastarfinu. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og náms sviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 17).

Í skólanum fer reglulega fram innra mat á skólastarfinu. Matið fer fram með starfsmannasamtölum, könnunum bæði meðal starfsmanna og nemenda, foreldrakönnunum og fleiru. Með þessum könnunum gefst gott tækifæri til að meta stöðu jafnréttismála í skólanum. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið og er leitast við af fremsta megni að tryggja það.

Námsgögn

Kennsla og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Þess er gætt að nota ekki námsefni sem ýtir yndir kynjamismunun eða stöðlun kynhlutverka og þess gætt við innkaup á námsefni. Námsgagnastofnun hefur útbúið gátlista, þar sem m.a. er horft til kynjasjónarmiða, sem öllum höfundum og öðrum sem vinna fyrir stofnunina er gert að hafa að leiðarljósi.

Náms og starfsfræðsla

Nemendur hljóta náms og starfsfræðslu frá fólki á vinnumarkaðinum og þess er gætt að þar á meðal sé fólk sem farið hefur óhefðbundnar leiðir í námi og starfi. Nemendur fá starfsgreinakynningu og kynningu á möguleikum og námsleiðum sem standa þeim til boða að grunnskólanámi loknu. Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér fjölbreytt störf og þess sérstaklega gætt að benda þeim ekki á starfsgreinar sem hefðbundnar kvenna eða karlastarfsgreinar. Leitast verður við að fá fulltrúa frá Jafnréttisstofu til að kynna jafnréttislög, starfsemi stofnunarinnar og jafnrétti með tilliti til launa í almennum skilningi.

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri/forráðamann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfi.

Endurskoðun

Jafnréttisáætlun Háaleitisskóla ásamt aðgerðaráætlun er endurskoðuð reglulega og hefur verið boein undir og samþykkt af Jafnréttisstofu.

Jafnréttisáætlun Háaleitisskóla byggir á :

- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 • Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2008 • Aðalnámskrá grunnskóla, 2011 • Ritroð um grunnþætti menntunar, Jafnrétti, 2013 • Skólanámskrá Háaleitisskóla • Framtíðarsýn Reykjanesbæjar í skólamálu, 2001

<http://www.reykjanesbaer.is/thjonusta/menntun-ogfraedsla/grunnskolar/skolastefna/>

- Jafnréttisáætlun Reykjaneshæjar 2000-2015

<http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/starfsmannahandbok/jafnrettismal/>

- Starfsmannahandbók Reykjaneshæjar undir hagnýtar upplýsingar þar sem er að finna:

<http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/starfsmannahandbok/hagnytarupplýsingar/>

- Áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni
 - Leiðbeinandi gátlisti vegna tilkynningar um einelti eða áreitni
 - Einelti og kynferðislegt áreitni á vinnustöðum- forvarnir og viðbrögð
 - Tilkynning um einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni.
- Í starfsmannahandbók Reykjaneshæjar um áreitni og einelti

<http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/starfsmannahandbok/vellidan/areitniog-einelti/>

- Útg. Jafnréttisstofu, leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlunar, sjá www.jafnretti.is

14.6 Viðbrögð við kynbundnu ofbeldi og öðru ofbeldi

Nemendur, kennarar og starfsfólk skólans á hverjum tíma mynda skólasamfélag þar sem gagnkvæmt traust og virðing ríkir í samskiptum. Allir einstaklingar innan þessa samfélags eiga að búa við það öryggi að þeir verði hvorki fyrir kynferðislegu né kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Ef einstaklingur innan skólans telur sig verða fyrir slíku ber skólasamfélaginu að bregðast við með ábyrgum og skipulögðum hætti.

Við líðum hvorki kynferðislega áreitni eða ofbeldi né kynbundna áreitni eða ofbeldi og höfum því sett þessar verklagsreglur. Verklagsreglurnar eru lifandi skjal sem verður endurskoðað eftir þörfum.



Einstaklingur sem verður var við kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi er hvattur til þess að tilkynna það til náms- og starfsráðgjafa eða skólastjórnenda eftir því sem hann/hún/hán/þau telur/telja best.

Minnt er á tilkynningaskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum úr [Barnaverndarlögum nr. 80/2002 17. gr.](#)

Markmið

Við líðum hvorki kynferðislega áreitni eða ofbeldi né kynbundna áreitni eða ofbeldi í skólanum í kennslu, almennu starfi eða öðrum samskiptum sem eiga sér stað í skólastarfinu eða í tengslum við starfsemi skólans.

Markmið verkslagsreglna þessara er að tryggja að úrræði sé til staðar telji einstaklingur sig hafa orðið fyrir kynferðislegu og/eða kynbundinni áreitni eða kynferðislegu og/eða kynbundnu ofbeldi.

Skilgreiningar

Með kynbundinni áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. **Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.**

Með kynferðislegri áreitni er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. **Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.**

Með kynbundnu ofbeldi er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með kynferðislegu ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í [XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.](#)

Leiðir

Nemendur fá fræðslu um kynbundið ofbeldi og annað ofbeldi og þeim gert ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slíkt mál upp, hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrá. Á hverju hausti er farið yfir það með starfsfólki skólans hvað getur falist í kynbundnu áreiti í samskiptum nemenda og starfsmanna. Nemendum verður einnig kynnt hvert þeir geti leitað.

Nemendur

Í framhaldi af tilkynningu um grun um brot af ofangreindu tagi fer eftirfarandi ferli í gang innan skólans:

- Náms- og starfsráðgjafi og stjórnendur hittast og skipuleggja næstu skref.
- Fræðslustjóri, grunnskólafulltrúi og yfirsálfræðingur Reykjanesbæjar eru upplýstir um málið.
- Tilkynning og efni hennar eru borin undir barnaverndarnefnd.
- Haft er samband við forráðamenn og fundur með þeim skipulagður.
- Málið er skoðað og rætt við hlutaðeigandi.
- Skólayfirvöld aðstoða málsaðila við að leita sér sérfræðiaðstoðar meðferðaraðila.
- Ákveði málsaðilar að leita réttar síns munu skólastjórnendur og ráðgjafar skólans vera viðkomandi til aðstoðar.
- Þegar könnun máls er lokið eru niðurstöður kynntar málsaðilum og eftir atvikum sendir skólinn tilkynningu til barnaverndarnefndar.
- Eftirfylgni er höfð með málsaðilum eftir því sem þurfa þykir.
- Þeim sem vinna að viðkvæmum málum innan skólans er skylt að gæta trúnaðar.

Ekki er aðhafst í máli nema sá sem verður fyrir áreitni eða kynferðislegu ofbeldi (og forráðamenn eftir því sem við á) sé samþykktur því. Sé hins vegar um brot á landslögum (broti sem er lýst í XXII. kafla almennra hegningarlaga) verður máli vísað til barnaverndarnefndar.

Viðbrögð

Ef aðilar máls eru í sama skóla eða eru nemendur í sama námsumhverfi (í sama bekk eða árgangi) þá ber að skoða hvort að gera þurfi ráðstafanir varðandi samskipti, samvinnu og samneyti málsaðila. Reynt skal að ná sáttum um vinnutilhögun meðan málið er í skoðun. Ekki er gert ráð fyrir að flytja til í námi einstakling sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti, vegna kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis, nema viðkomandi óski þess.

Tímarammi

Brýnt er að brugðist sé við málum sem þessar verklagsreglur fjalla um svo fljótt sem auðið er og að niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að nemandi eða forráðamaður sendi inn formlega tilkynningu.

Viðurlög

Viðurlög við broti eru samkvæmt skólareglum. Gerandi verður látinn axla ábyrgð og getur verið fluttur til í annan skóla eða verið vikið úr skóla.

Síðast uppfært 1. des. 2022.

14.7 Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er áætlun um viðeigandi viðbrögð þegar áföll verða, svo sem bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð.

Áætlunin segir til um hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig ber að bregðast við. Taka skal tillit til óska fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Skólastjóri eða stangengill hans kallar saman áfallaráð og stýrir vinnu þess og skipulagi.

Áfallaráð

Í áfallaráði hvers grunnskóla sitja að öllu jöfnu eftirtaldir aðilar:

- Skólastjóri
- Aðstoðarskólastjóri

- Deildarstjórar
- Námsráðgjafi

Þeim innan handar er stjórnendateymi fræðsluskrifstofu og prestur. Hver grunnskóli ákveður hverjir sitja í sínu áfallaráði.

Hlutverk áfallaráðs

Í megin atriðum skal hlutverk áfallaráðsins vera að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaut og ákveðið við þegar áföll verða. Áfallaráð sér til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Einnig þarf það að sjá til þess að starfsfólk sem veitir áfallahjálp fái stuðning og hjálp.

Allir sem sitja í áfallaráði þurfa að vera upplýstir um hlutverk sitt í ráðinu.

Áfallaráð skal funda þegar vitneskja berst um áfall og skólastjóri metur það mikilvægt að kalla ráðið saman.

Í gæðahandbók Reykjanesbæjar eru gátlistar fyrir starfsfólk aðgengilegir til þess að styðjast við eftir því hvort um nemanda eða starfsfólk er að ræða.

Við önnur áföll en tilgreind eru hér að framan svo sem kynferðislega misnotkun, ofbeldi, skilnað foreldra, atvinnuleysi til langs tíma, mannshvarf eða fangelsun náins ættingja, þurfa nemendur mikinn stuðning og skilning. Við aðstæður sem þessar er rétt að hafa samráð við foreldra eða aðra aðstandendur. Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun eða annars konar ofbeldi ber ávallt að hafa samband við barnaverndarnefnd. Hægt er að óska nafnleyndar þegar tilkynnt er. Ef starfsfólk skólans lendir í erfiðleikum, svo sem skilnaði, slysi eða langvarandi veikindum innan fjölskyldu skal haft samráð við viðkomandi um hvort og hvernig starfsfólk skólans geti komið því til aðstoðar.

14.8 Brunavarnir - Rýmingaráætlun:

- ❖ Í Háaleitisskóla er brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er við Securitas.
- ❖ Í skólanum eru útiljós og neyðarlýsingar.
- ❖ Flóttaleiðir eru tvær eða fleiri úr hverju kennslurými.
- ❖ Skólabyggingin er ein brunasamstæða með þremur brunahólfum.

- ❖ Í hverri kennslustofu eru nafnalistar og litaspjöld.
- ❖ Nauðsynlegt er að kennarar og starfsfólk skólans kynni sér þær áætlanir sem eru til staðar um viðbrögð við eldsvoða eða jarðskjálfta.
- ❖ Starfsfólk kynni sér staðsetningu söfnunarsvæða svo og brunahólfanir byggingarinnar.
- ❖ Rýmingaráætlun skólans er kynnt öllu starfsfólki skólans árlega á starfsmannafundi.

Viðbragð við brunaboði

- ❖ Umsjónarmaður eða skólastjóri/aðstoðarskólastjóri aðgæta á stjórnstöflu brunaviðvörðunarsstöðvarinnar hvaðan brunaboð kemur.
- ❖ Securitas hefur samband við umsjónamann eða skiptiborð og tilkynnir síðan til slökkviliðs hvers eðlis brunaboðið er.
- ❖ Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri tekur með sér nemendaskrá, stundaskrár, aðstandendalista og forfallaskrá.
- ❖ Kennarar undirbúa rýmingu, raða nemendum upp í stafrófsröð, kanna hvort flóttaleiðir séu opnar/ greiðfærar.
- ❖ Ef bjallan þagnar fljótlega eftir að hún fer af stað er um bilun eða falsboð að ræða.
- ❖ Alltaf skal undirbúa útgöngu nemenda, en ekki er farið út fyrir en við fulla hringingu.
- ❖ Ef um falsboð er að ræða er það tækifæri fyrir kennara að ræða við nemendur um eldvarnir og sameiginlega ábyrgð.
- ❖ Ef bjallan fer aftur í gang skal rýma skólann. Nemendur fara út úr stofunni í röð ásamt kennara og stuðningsfulltrúa, sé hann til staðar.
- ❖ Nemendur fara í skó og yfirhafnir ef hægt er.
- ❖ Kennari tekur með sér viðbragðsáætlun, nafnalista og litaspjöld.
- ❖ Kennari/skólaliði gengur úr skugga um að öllum hurðum sé lokað á eftir þeim, en ekki læstar.
- ❖ Brýna fyrir nemendum að ekki má fara heim þó þeir búi nálægt skóla.
- ❖ Nemendur ganga út, í röð á eftir kennara sínum, á söfnunarsvæðið eða í annað brunahólf.
- ❖ Þegar komið er á söfnunarsvæðið, eða í annað brunahólf, hefur hver hópur sitt afmarkaða söfnunarsvæði.
- ❖ Kennarar fara yfir nemendalista.
- ❖ Kennari gefur merki hvort allir nemendur séu komnir, grænt kort, eða hvort það vanti nemenda, rautt kort.

- ❖ Umsjónarmenn söfnunarsvæðanna eru aðstoðarskólastjóri og húsvörður.
- ❖ Slökkvilið kemur á staðinn og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða umráðamaður tekur á móti því og gefur upplýsingar og stöðu mála.
- ❖ Securitas, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða umráðamaður segir hvar best sé að koma að miðað við hvar eldur er laus.

Söfnunarsvæði

- ❖ Söfnunarsvæðið fyrir nemendur skólans er innan girðingar á leiksvæðinu. Nemendum er ráðað í raðir samkvæmt aldri, fyrst 1. bekkur, svo 2. bekkur og svo framvegis.
- ❖ Ef veðurfar er slæmt þá skal kanna hvort það sé hægt að færa á milli brunahólfa þ.e.a.s. fara með nemendur í íþróttahúsið.

14.8 Viðbragðsáætlun almannavarna

Í viðbragðsáætlun Almannavarna kemur fram hvernig skipulagi og aðgerðastjórn er háttað í Háaleitisskóla í samræmi við áætlun Almannavarna um heimsútbreiðslu influensu.

Viðbragðsáætlunin er birt á heimasíðu skólans og í skólanámskrá.

14.9 Viðbrögð vegna hættuástands

Ef upp kemur hættuástand í eða við skólann er mikilvægt að **láta vita hvar hættan er, með því að hringja í 112**. Einnig skal hringja í skrifstofustjóra og/eða stjórnendur eða láta þá vita á annan hátt.

1. Viðbrögð kalla á að starfsfólk og nemendur leggi sjálfstætt mat á hvað hægt er að gera og hvað ætti að gera fyrst, og hafa í huga það meginhlutverk að vernda og komast burt úr hættulegum aðstæðum.
2. Starfsfólk og nemendur reyna eftir fremsta megni að koma sér burt úr aðstæðum. Starfsmaður setur sig í samband við lögreglu og stjórnendur skólans til að ákvarða hvort eigi að fara í rýmingu á byggingunni eða halda kyrru fyrir og læsa skólastofum og öðrum rýmum. Starfsfólk ætti að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort læsa skuli eða yfirgefa rýmið ef um lífshættulegar aðstæður er að ræða.

3. Ef skotárás eða árás með eggvopni er yfirstandandi skal aðeins rýma ef staðsetning geranda er þekkt og útganga er auðveld og örugg. Ef staðsetning geranda eða aðstæður leyfa ekki rýmingu, þá skal læsa rýminu, slökkva ljós, fela sig og hafa hljótt.
4. Þegar hættuástandi er yfirstaðið eða ef öruggt þykir þá skal meta hvort einhver er meiddur, alvarlega slasaður eða særður og gera viðeigandi ráðstafanir.
5. Áfallaáætlun skólans virkjuð.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS

